

LANDSNET

Ársreikningur 2025

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Kt. 580804-2410

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	8
Yfirlit um heildarafkomu	9
Efnahagsreikningur	10
Eiginfjárfirlit	11
Sjóðstreymisyfirlit	12
Skýringar	13
Viðauki 1: Stjórnarháttayfirlýsing (óendurskoðað)	36
Viðauki 2: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf (óendurskoðað)	41

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Landsnet hf. var stofnað árið 2004 til að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga nr. 65/2003.

Rekstur ársins 2025

Hagnaður ársins var 44,9 milljónir bandaríkjadala (USD) í samanburði við 43,1 milljón USD á árinu 2024. Á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla voru fastafjármunir endurmetnir á árinu og hækkun heildareigna vegna þess færð yfir eigið fé. Að teknu tilliti til endurmats fastafjármuna var heildarafkoma ársins 108,5 milljónir USD. Heildareignir félagsins námu 1.371,6 milljónum USD, eigið fé félagsins í árslok var 665,5 milljónir USD, þar af var hlutfé 45,5 milljónir USD.

Fjöldi ársverka hjá félaginu var 167. Í stjórnendahópi félagsins eru 56% karlmenn og 44% konur og í starfsmannafjölda félagsins er skiptingin 69% karlar og 31% konur.

Hlutfé í árslok 2025 skiptist á tvo hluthafa líkt og í ársbyrjun, en þeir eru:

	Eignarhlutur
Ríkissjóður Íslands.....	93,22%
Orkuveita Reykjavíkur	6,78%

Í stjórn félagsins sitja þrír karlmenn (60%) og tvær konur (40%). Að auki eru ein kona og einn karlmaður í varastjórn félagsins. Stjórn Landsnets hf. uppfyllir því skilyrði 63. gr. laga um hlutafélög um að hlutfall hvors kyns í stjórn skuli ekki vera lægra en 40%.

Ný stjórn tók við þann 28. mars 2025 en þá hafði valnefnd á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins komið með tillögu að stjórnarmeðlimum út frá hæfni umsækjenda. Í nýrri stjórn eru Haraldur Flosi Tryggvason Klein, stjórnarformaður, Harpa Þuríður Böðvarsdóttir, Kristján Arinbjarnar, Ruth Elfarsdóttir og Stefán Pétursson. Á árinu lét Guðmundur Ingi Ásmundsson af störfum vegna aldurs og nýr forstjóri, Ragna Árnadóttir tók við þann 1. júlí.

Rekstur ársins og horfur

Rekstur ársins gekk vel og afkoma félagsins á árinu var í takt við áætlanir þrátt fyrir ýmsar áskoranir í ytra umhverfi fyrirtækisins. Eldvirkni hélt áfram á Reykjanesi en áhrif þess á reksturinn voru óveruleg. Eldvirkni hefur verið á svæði þar sem aðeins ein lína hefur verið í hættu og því áhætta varðandi tjón á eignum óveruleg. Landsnet er með lögbundnar tryggingar á fasteignum á grundvelli fasteignamats og aðrar eignir í flutningskerfinu eru tryggðar hjá Náttúruhamfaratryggingu Íslands á grundvelli endurstofnverðs.

Í byrjun árs endurgreiddi Landsnet um 22,4 milljónir USD í aflgjald vegna innmötunar raforku eftir dóm Hæstaréttar í máli nr. 2/2024, eftir samninga við hlutaðeigandi aðila og samráð við Raforkueftirlitið. Dómurinn fól í sér að einungis stórnotendur og dreifiveitur skuli greiða fyrir flutningsgjaldskrá en enginn ágreiningur var um heildartekjuheimildir Landsnets á grundvelli raforkulaga. Þannig endurgreiddi Landsnet þær tekjur sem innheimtar höfðu verið af framleiðendum fyrir innmötun inn á kerfið og færði innheimtuna á endanotendur, eða stórnotendur og dreifiveitur. Endurgreiðsla og breytt innheimta gagnvart endanotendum var að mestu gerð innan ársins og hafði því óveruleg áhrif á rekstur félagsins í lok ársins fyrir utan vaxtagreiðslur að fjárhæð um 3,1 milljón USD, sem færðar eru meðal fjármagnsgjalda. Tímabundin hækkun flutningsgjaldskrár dreifiveitna og stórnotenda var dregin til baka frá 1. janúar 2026.

Fjórir aðilar kærðu flutningsgjaldskrá stórnotenda nr. 54, sem tók gildi 1. janúar 2025, til úrskurðarnefndar raforkumála. Raforkueftirlitið fjallaði um gjaldskrána og gerði ekki athugasemdir við hana og féllst í umfjöllun sinni á rökstuðning Landsnets fyrir hækkuninni. Úrskurðarnefndin vísaði kærumálunum frá nefndinni með úrskurðum uppkveðnum 25. ágúst 2025 á þeim grundvelli að ákvörðun Raforkueftirlitsins hafi ekki falið í sér kæránlega stjórnvaldsákvörðun. Frekari umfjöllun má sjá í skýringu 29 í ársreikningnum.

Í október 2025 kom upp bilun í álveri Norðuráls á Grundartanga, sem olli því að álframleiðsla Norðuráls skerðist um tvo þriðju um óákveðinn tíma samkvæmt tilkynningu fyrirtækisins. Raforkuflutningur til Norðuráls skerðist sem því nemur. Áhrif þessarar bilunar voru óveruleg á árinu 2025 en óvissa ríkir um áhrif hennar á rekstrarárið 2026 þar sem ekki liggur fyrir hvenær verksmiðjan mun aftur ná fullum afköstum. Í samningum um raforkuflutning til Norðuráls eru ákvæði um kaupskyldu sem kveða á um að greiða beri fyrir flutning 85% umsamins afls og orku, óháð fluttu raunmagni og á grundvelli þess eru áhrif á vænta rekstrarniðurstöðu ekki mikil. Norðurál hefur tilkynnt að bilunina megi rekja til óviðráðanlegra afla (force majeure) sem eigi að leiða til þess að kaupskyldan falli niður en sú niðurstaða hefði meiri áhrif á væntar tekjur frá fyrirtækinu. Landsnet er ósammála þeirri túlkun og hefur mótmælt henni.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Árið 2025 var eitt stærsta framkvæmdaár Landsnets frá stofnun en framkvæmdakostnaður félagsins nam um 118 milljónum USD. Þar helst að nefna að stigið var stórt skref þegar Vestmannaeyjastrengir 4 og 5 voru teknir í rekstur en með tilkomu þeirra jókst afhendingaröryggi raforku til Vestmannaeyja verulega. Önnur fjárfestingaverkefni fólu í sér styrkingu á flutningskerfinu og voru þær fjárfestingar víða um land.

Í september skrifuðu Landsnet og Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) undir samning um lán að fjárhæð 35 milljónir USD. Láninu var m.a. ætlað að fjármagna lagningu strengjanna til Vestmannaeyja og tengingar á Suðurlandi en einnig til að fjármagna lagningu jarðstrengs á milli Akureyrar og Dalvíkur.

Stjórn félagsins leggur til að arður að fjárhæð 22,5 milljónir USD verði greiddur til hluthafa á árinu 2026 vegna rekstrarársins 2025 og vísar að öðru leyti til ársreiknings varðandi breytingar á eigin fé.

Stjórnarhættir

Stjórn Landsnets hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur, sem birtar eru á heimasíðu félagsins, þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, hæfi stjórnarmanna, þagnarskyldu, upplýsingargjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Til frekari upplýsinga er vísað í stjórnarháttayfirlýsingu sem er viðauki 1 við ársreikning félagsins.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Landsnet hf. er eining tengd almannahagsmunum og skal því skv. lögum um ársreikninga veita upplýsingar sem eiga að gefa glögggt yfirlit yfir árangur félagsins, stöðu þess og þróun ásamt lýsingu á megináhættum og óvissuþáttum. Ófjárhagsleg upplýsingagjöf er í viðauka 2 við ársreikning félagsins. Þar er einnig að finna upplýsingagjöf félagsins í samræmi við kröfur Flokkunarreglugerðar ESB sem tók gildi 1. júní 2023.

Félagið hefur einnig unnið að gerð sjálfbærniskýrslu sem er í samræmi við einfaldaða ESRS staðla sem Evrópusambandið gaf út á árinu og er hún gefin út á heimasíðu félagsins samhliða birtingu ársreikningsins.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2025 og rekstrarafkomu þess og breytingum á handbæru fé á árinu 2025.

Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Landsnets hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2025 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. febrúar 2026

Stjórn:

Forstjóri:

Haraldur Flosi Tryggvason Klein

Ragna Árnadóttir

Ruth Elfarsdóttir

Kristján Arinbjarnar

Stefán Pétursson

Harpa Þuríður Böðvarsdóttir

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Landsnets hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landsnets hf. fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga.

Það er álit okkar að áritun okkar á ársreikning Landsnets hf. sé í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar Landsnets hf. í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Landsneti hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Samkvæmt okkar bestu vissu, höfum við ekki veitt Landsneti hf. óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2025. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináherslur við endurskoðun	Hvernig við endurskoðuðum megináherslur
Virðismat háspennulína og tengivirkja	
Háspennulínur og tengivirki eru verðmætustu eignir félagsins og virðismat þeirra er háð mati stjórnenda og því teljum við það vera megináherslu við endurskoðun okkar.	Endurskoðun okkar beindist að mati stjórnenda á rekstrarvirði háspennulína og tengivirkja við árslok 2025. Við fórum yfir aðferðarfræði virðismatsins og hvort breytingar hafi orðið á henni á milli ára. Við fórum jafnframt yfir helstu forsendur stjórnenda fyrir matinu m.a.:
Háspennulínur og tengivirki Landsnets hf. eru færð samkvæmt endurmatsaðferð og nam bókfært verð þeirra í árslok 2025 um 1.077,5 milljónum USD sem nemur um 78,6% af efnahagsreikningi félagsins.	• Áætlanir sem byggt er á við útreikninga virðismatsins. • Mat á veginni meðalarðsemi (WACC) og forsendur útreikninganna.
Endurmat er framkvæmt með reglubundnum hætti, þegar stjórnendur meta það að verulegar breytingar hafi orðið á rekstrarvirði eignanna. Mat á rekstrarvirði eignanna er byggt á sjóðstreymis-greiningu. Eignirnar voru endurmetnar í lok árs 2025 grundvallað á mati stjórnenda.	Við máttum hvort útreikningar virðismats væru unnir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og einnig lögðum við mat á hvort skýringar í ársreikningnum varðandi virðismatið væru viðeigandi.
Að því er varðar mat á virði eignanna, vísum við að öðru leyti í skýringu 13 um rekstrarfjármuni og í skýringar 32c og 32h um mikilvægar reikningsskilaaðferðir.	Við höfum einnig yfirfarið mat stjórnenda á eignfærslum og afskriftum háspennulína og tengivirkja sem og endurmats og hvort það samræmist alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Aðrar upplýsingar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar, ófjárhagslega upplýsingagjöf og stjórnháttaryfirlýsingu.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Landsnets hf. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslagt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Jafnframt því að sinna skyldum okkar sem kjörnir endurskoðendur félagsins hefur Deloitte veitt félaginu ýmsa aðra heimilaða þjónustu svo sem könnun áráðgjafarvinnu, aðra staðfestingarvinnu og skattaráðgjöf. Deloitte hefur til staðar innri ferla til að tryggja óhæði sitt áður en við tökum að okkur önnur verkefni. Endurskoðunarnefnd Landsnets hf. hefur einnig ferla til að samþykkja önnur verkefni áður en þau hefjast. Endurskoðunarnefndin metur jafnframt óhæði endurskoðendanna árlega til að tryggja óhæði og hlutlægni þeirra.

Deloitte var kjörð endurskoðandi Landsnets hf. á aðalfundi félagsins þann 28. mars 2025. Deloitte hefur verið endurskoðandi Landsnets hf. síðan á aðalfundi félagsins ársins 9. apríl 2015.

Reykjavík, 24. febrúar 2026

Deloitte ehf.

Gunnar Þorvarðarson
Endurskoðandi

Berglind Klara Daníelsdóttir
Endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Tekjur af raforkuflutningi	5	205.594	185.111
Aðrar tekjur	6	2.667	3.842
		<u>208.261</u>	<u>188.953</u>
Rekstrargjöld			
Orkukaup og kerfispjónusta	7	35.762	36.414
Rekstur flutningskerfis	9,10	72.432	59.244
Kerfisstjórn	9,10	5.237	4.932
Annar rekstrarkostnaður	9,10	17.938	17.894
		<u>131.369</u>	<u>118.484</u>
Rekstrarhagnaður		76.892	70.469
Fjármunatekjur		3.666	5.421
Fjármagnsgjöld		(24.187)	(21.152)
Hrein fjármagnsgjöld	11	(20.521)	(15.731)
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélags	15,16	(207)	24
Hagnaður fyrir tekjuskatt		56.164	54.762
Tekjuskattur	12,23	(11.278)	(11.626)
Hagnaður		<u>44.886</u>	<u>43.136</u>
Hagnaður á hlut:			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	21	0,99	0,95

Skýringar nr. 1 til 32 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Yfirlit um aðra heildarafkomu ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Hagnaður		<u>44.886</u>	<u>43.136</u>
Liðir færðir beint á			
eigið fé sem ekki verða endurflokkaðir í rekstrarreikning:			
Endurmat flutningskerfis	13	79.532	46.277
Reiknaður tekjuskattur af endurmati flutningskerfis		(15.906)	(9.255)
		<u>63.626</u>	<u>37.022</u>
Liðir færðir beint á			
eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning:			
Þýðingarmunur vegna dóttur- og hlutdeildarféлага		386	(59)
Breyting niðurifsskuldbindingar að teknu tilliti til tekjuskatts		(389)	345
		<u>(3)</u>	<u>286</u>
Heildarafkoma ársins		<u><u>108.509</u></u>	<u><u>80.444</u></u>

Skýringar nr. 1 til 32 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Rekstrarfjármunir	13	1.104.847	973.157
Flutningsvirki í byggingu	13	150.011	121.726
Óefnislegar eignir	14	17.920	17.915
Eignarhlutur í dóttur- og hlutdeildarfélagi	15,16	5.797	4.891
Langtímakröfur	28	5.679	4.128
Fastafjármunir		1.284.254	1.121.817
Birgðir	17	6.067	6.140
Viðskiptakröfur á tengd félög	28	496	485
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	18	31.900	28.882
Handbært fé	19	48.877	78.842
Veltufjármunir		87.340	114.349
Eignir samtals		1.371.594	1.236.166
Eigið fé			
Hlutfé		45.549	45.549
Lögbundinn varasjóður		11.387	11.387
Bundið eigið fé		1.203	1.410
Þýðingarmunur		12	(374)
Endurmatsreikningur		291.354	239.015
Óráðstafað eigið fé		315.948	277.957
Eigið fé	20	665.453	574.944
Skuldir			
Vaxtaberandi langtímaskuldir	22	458.366	487.093
Tekjuskattsskuldbinding	23	99.829	83.252
Fyrirframinnheimtar tekjur	24	10.067	21.972
Niðurrifsskuldbinding	25	12.352	11.128
Langtímaskuldir		580.614	603.445
Næsta árs afborganir vaxtaberandi langtímaskulda	22	68.556	16.960
Tekjuskattur til greiðslu	12,23	10.485	14.175
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	26	46.486	26.642
Skammtímaskuldir		125.527	57.777
Skuldir samtals		706.141	661.222
Eigið fé og skuldir samtals		1.371.594	1.236.166

Skýringar nr. 1 til 32 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Eiginfjáryfirlit ársins 2025

Árið 2024:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Bundið eigið fé	Þýðingar- munur	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2024.....	45.549	11.387	1.386	(315)	210.742	238.751	507.500
Hagnaður ársins.....						43.136	43.136
Endurmat flutningskerfis.....					46.277		46.277
Tekjuskattsáhrif af endurmati.....				(	9.255)	(	9.255)
Þýðingarmunur.....				(59)		(	59)
Breyting niðurrifsskuldbindingar í gegnum heildarafkomu...					345		345
Heildarhagnaður ársins.....			0	(59)	37.367	43.136	80.444
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélags.....			24			(24)	0
Greiddur arður til eigenda.....						(13.000)	(13.000)
Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna.....					(9.094)	9.094	0
Eigið fé 31. desember 2024.....	45.549	11.387	1.410	(374)	239.015	277.957	574.944

Árið 2025:

Eigið fé 1. janúar 2025.....	45.549	11.387	1.410	(374)	239.015	277.957	574.944
Hagnaður ársins.....						44.886	44.886
Endurmat flutningskerfis.....					79.532		79.532
Tekjuskattsáhrif af endurmati.....				(	15.906)	(	15.906)
Þýðingarmunur.....				386			386
Breyting niðurrifsskuldbindingar í gegnum heildarafkomu...				(	389)	(	389)
Heildarhagnaður ársins.....			0	386	63.237	44.886	108.509
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélags.....			(207)			207	0
Greiddur arður til eigenda.....						(18.000)	(18.000)
Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna.....					(10.898)	10.898	0
Eigið fé 31. desember 2025.....	45.549	11.387	1.203	12	291.354	315.948	665.453

Skýringar nr. 1 til 32 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		76.892	70.469
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Sölutap rekstrarfjármuna		8	7
Afskriftir og virðisrýrnun	10	37.910	35.560
Veltufé frá rekstri án fjármagnsliða og skatta		114.810	106.036
Rekstartengdar eignir, hækkun	(	3.049)	(3.768)
Rekstartengdar skuldir, hækkun		18.170	3.736
Handbært fé frá rekstri án fjármagnsliða og skatta		129.931	106.004
Innborgaðar vaxtatekjur		3.621	4.962
Greidd vaxtagjöld og gengismunur	(	21.631)	(17.818)
Greiddur tekjuskattur	(	14.200)	(6.169)
Handbært fé frá rekstri		97.721	86.979
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í flutningsvirkjum	(	111.381)	(76.072)
Aðrar fjárfestingar	(	6.883)	(6.772)
Söluverð fastafjármuna		48	26
Langtímakröfur, breyting	(	837)	(546)
Lækkun hlutafjár í hlutdeildarfélagi		306	283
Fjárfestingarhreyfingar	(	118.747)	(83.081)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin langtímalán	22	34.945	49.922
Afborganir vaxtaberandi langtímaskulda	22	(17.620)	(36.075)
Greiddur arður til eigenda		(18.000)	(13.000)
Fyrirframinnheimtar tekjur, (lækkun) hækkun		(11.760)	20.000
Fjármögnunarhreyfingar		(12.435)	20.847
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(	33.461)	24.745
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		3.496	(227)
Handbært fé í ársbyrjun		78.842	54.324
Handbært fé í árslok	19	48.877	78.842
Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa:			
Endurmat flutningskerfis		79.532	46.277

Skýringar nr. 1 til 32 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Skýringar

1. Félagið

Landsnet hf. er með lögheimili að Gylfaflöt 9, Reykjavík. Félagið er í meirihlutaeigu ríkissjóðs og er flokkað sem fyrirtæki í C-hluta ríkissjóðs. Félagið var stofnað á árinu 2004 á grundvelli raforkulaga sem Alþingi samþykkti árið 2003. Hlutverk þess er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun á Íslandi samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga nr. 65/2003, og er því óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 24. febrúar 2026.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir félagsins eru í skýringu 32.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður í bandaríkjadöllum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum bandaríkjadala nema annað sé tekið fram. Ársreikningurinn byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að flutningskerfi félagsins er fært á endurmetnu virði.

4. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þessar eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Ákvarðanir og mat stjórnenda við beitingu á reikningsskilaaðferðum félagsins eru sömu og voru við gerð ársreiknings 31.12.2024.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana um reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýringar nr. 13 og 32c - rekstrarfjármunir
- Skýringar nr. 14 og 32d - óefnislegar eignir
- Skýringar nr. 25 og 32j - niðurrifsskuldbinding
- Skýringar nr. 23 og 32n - tekjuskattsskuldbinding

Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir og skýringar í ársreikningi félagsins krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað vegna mats og/eða skýringa, bæði á fjáreignum og fjárskuldum og öðrum eignum og skuldum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur gangvirðis eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir eða skuldir.

Landsnet hf. endurmetur hluta fastafjármuna til gangvirðis sbr. skýringu 13. Aðrar eignir og skuldir félagsins eru ekki færðar á gangvirði. Fyrir fjárskuldir er gangvirði, sem er einungis ákvarðað vegna skýringa sbr. skýringu 27, reiknað núvirði framtíðarsjóðsflæðis höfuðstóls og vaxta, afvaxtað með markaðsvöxtum á uppgjörssdegi.

5. Tekjur af raforkuflutningi

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 32k

Tekjur af flutningi raforku greinast þannig:

	2025	2024
Orkuflutningur til stórnotenda	100.186	92.277
Orkuflutningur til dreifiveitna	66.250	53.153
Flutningstöp og kerfisþjónusta	36.774	37.552
Innmötunargjald	1.610	1.191
Þjónustutekjur	774	938
Tekjur af raforkuflutningi samtals	205.594	185.111

Skýringar, frh.:

5. Tekjur af raforkuflutningi, frh.:

Helstu viðskiptavinir félagsins eru dreifingaraðilar raforku, stórnotendur og raforkuframleiðendur. Tæplega 40% flutningstekna voru vegna viðskipta við dreifingaraðila raforku og rúmlega 60% flutningstekna vegna viðskipta við stórnotendur og raforkuframleiðendur.

6. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:	2025	2024
Verk- og efnissölutekjur	1.502	2.851
Húsaleigutekjur	338	343
Tekjur vegna upprunaábyrgða og vottana	740	601
Aðrar tekjur	87	47
Aðrar tekjur samtals	2.667	3.842

7. Orkukaup og kerfisþjónusta

Orkukaup og kerfisþjónusta greinast þannig:

Orkukaup vegna flutningstapa	22.486	24.425
Kerfisþjónusta	13.276	11.989
Orkukaup og kerfisþjónusta samtals	35.762	36.414

8. Þóknanir til endurskoðunarfélaga

Þóknanir til kjörinna endurskoðenda félagsins greinast þannig:

	2025		2024	
	Endurskoðun	Önnur þjónusta	Endurskoðun	Önnur þjónusta
Deloitte ehf.	88	26	57	17

Meðal endurskoðunar er endurskoðun ársreiknings og könnun árshlutareiknings.

9. Laun og launatengd gjöld

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 32c og 32i

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2025	2024
Laun	22.706	19.604
Lífeyrisgreiðslur	3.219	2.754
Önnur launatengd gjöld	2.011	1.724
Eignfærð laun	(5.348)	(4.131)
Gjaldfærð laun og launatengd gjöld samtals	22.588	19.951

Laun og launatengd gjöld skiptast þannig í rekstrarreikningi:

Rekstur flutningskerfis	6.354	6.134
Kerfisstjórn	4.852	4.438
Annar rekstrarkostnaður	11.382	9.379
Laun og launatengd gjöld samtals	22.588	19.951
Stöðugildi að meðaltali	167	163
Stöðugildi í árslok umreiknuð í heilsársstörf	170	168
Heildarfjöldi starfsfólks með ráðningasamning í árslok	175	169

Launakostnaður félagsins í íslenskum krónum hækkar um 7,7% en í bandaríkjadollurum hækka laun sem nemur 16,0%.

Skýringar, frh.:

9. Laun og launatengd gjöld, frh.:

Laun stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjóra voru sem hér segir:

	Þús. ISK		Þús. USD	
	2025	2024	2025	2024
Laun stjórnar	19.745	18.454	154	134
Laun og hlunnindi forstjóra	71.363	47.674	556	346
Laun og hlunnindi sex framkvæmdastjóra	191.660	180.007	1.493	1.305

Á árinu 2025 lét Guðmundur Ingi Ásmundsson af störfum sem forstjóri Landsnets og Ragna Árnadóttir tók við. Uppgjör launa vegna þeirra breytinga voru færð á árinu 2025.

10. Afskriftir

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 32c og 32d

Afskriftir greinast þannig:

	2025	2024
Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 13	37.240	34.655
Afskriftir og virðisrýmun óefnislegra eigna, sbr. skýringu 14	670	905
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	37.910	35.560

Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi:

Rekstur flutningskerfis	37.007	34.377
Kerfisstjórn	51	316
Annar rekstrarkostnaður	852	867
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	37.910	35.560

11. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 32m

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur	1.493	3.486
Tekjur af verðbréfaeign	2.173	1.489
Gengismunur	0	446
Fjármunatekjur samtals	3.666	5.421
Vaxtagjöld	(24.202)	(23.092)
Vaxtagjöld vegna endurgreiðslu innmötunargjalda	(3.092)	0
Verðbætur	(1.328)	(1.634)
Gengismunur	(1.940)	0
Áhrif núvirðingar niðurrifsskuldbindingar	(738)	(676)
Eignfærðir vextir	7.113	4.250
Fjármagnsgjöld samtals	(24.187)	(21.152)
Hrein fjármagnsgjöld	(20.521)	(15.731)

Fjármagnskostnaður vegna bygginga á flutningsvirkjum og undirbúningskostnaður, að fjárhæð 7,1 milljónir USD (2024: 4,3 milljónir USD), er eignfærður og hefur verið færður til lækkunar á fjármagnsgjöldum í rekstrarreikningi.

Eignfærður fjármagnskostnaður nam 4,9% af bundnu fé í flutningsvirkjum í byggingu á árinu (2024: 5,0%). Um er að ræða meðaltalsfjármagnskostnað félagsins á árinu.

Skýringar, frh.:

12. Tekjuskattur

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 32n

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:

	2025	2024
Breyting á tekjuskattsskuldbindingu	(696)	2.463
Tekjuskattur færður meðal annarrar heildarafkomu	(97)	86
Tekjuskattur til greiðslu	(10.485)	(14.175)
Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi	(11.278)	(11.626)
Virkur tekjuskattur	20,1%	21,2%

13. Rekstrarfjármunir

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 32c

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Tengivirki	Háspennu- línur og strengir	Aðrir fasta- fjármunir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1.1.2024	590.295	838.766	46.844	1.475.905
Endurmat	29.932	43.213	0	73.145
Viðbætur á árinu	819	1.466	2.716	5.001
Flutt af flutningsvirkjum í byggingu	4.676	8.681	0	13.357
Selt	0	0	(79)	(79)
Staða 31.12.2024	625.722	892.126	49.481	1.567.329
Endurmat	52.173	75.547	0	127.720
Viðbætur á árinu	178	2.149	2.203	4.530
Flutt af flutningsvirkjum í byggingu	36.283	48.637	0	84.920
Selt	0	0	(216)	(216)
Staða 31.12.2025	714.356	1.018.459	51.468	1.784.283
Afskriftir				
Staða 1.1.2024	207.277	304.273	21.145	532.695
Endurmat	10.496	16.373	0	26.869
Afskriftir ársins	15.297	17.623	1.735	34.655
Selt	0	0	(47)	(47)
Staða 31.12.2024	233.070	338.269	22.833	594.172
Endurmat	19.565	28.624	0	48.189
Afskriftir ársins	17.089	18.660	1.486	37.235
Selt	0	0	(160)	(160)
Staða 31.12.2025	269.724	385.553	24.159	679.436
Bókfært verð				
1.1.2024	383.018	534.493	25.699	943.210
31.12.2024	392.652	553.857	26.648	973.157
31.12.2025	444.632	632.906	27.309	1.104.847
Bókfært verð án endurmats				
1.1.2024	281.174	378.515	25.699	685.388
31.12.2024	276.009	372.392	26.648	675.049
31.12.2025	301.250	413.647	27.309	742.206

Endurmat rekstrarfjármuna

Í samræmi við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli voru línur og tengivirki félagsins endurmetnar í lok ársins en þær voru endurmetnar þar á undan árið 2024. Matið var framkvæmt með sambærilegum hætti og árið áður. Við endurmatið var lagt mat á rekstrarvirði með sjóðstreymisgreiningu. Matstímabilið var frá 2025 til 2034 og eftir það reiknað framtíðarvirði rekstrar. Endurmatið var byggt á rekstrarvirði núverandi eigna félagsins og gert ráð fyrir að fjárfestingar myndu jafngilda afskriftum núverandi eignastofns. Núvirðing framtíðarsjóðstreymis var byggð á markaðsvöxtum (WACC) í samræmi við aðferð sem beitt er þegar félaginu er úthlutað arðsemi fyrir stórnótendur og dreifiveitur, að meðaltali 5,58% (2024: 5,79%). Ekki er reiknað með framtíðarvexti enda félagið bundið af tekjumörkum. Við matið er einnig horft til áætlaðs endurbyggingarkostnaðar flutningskerfisins sem var metinn af óháðum sérfræðingum í árslok. Bókfært virði eignanna stóðst mat virðisrýnnun í lok árs og voru línur og tengivirki endurmetin um 79,5 milljónir USD í lok ársins (31.12.24: 46,3 milljónir USD).

Leigueignir

Fyrirtækið leigir hluta af flutningsvirkjum innlendra orkufyrirtækja og skrifstofuhúsnæði sem og lóðir tengivirkja. Leigueignir, sem færðar eru meðal rekstrarfjármuna, greinast þannig frá upphafi til loka ársins:

	Tengivirki	Aðrir fasta- fjármunir	Samtals
Staða 1.1.2024	941	815	1.756
Verðbætur	0	19	19
Aðrar breytingar á leigugreiðslum	(12)	0	(12)
Afskriftir ársins	(17)	(60)	(77)
Staða 31.12.2024	912	774	1.686
Verðbætur	0	17	17
Aðrar breytingar á leigugreiðslum	117	16	133
Afskriftir ársins	(8)	(65)	(73)
Staða 31.12.2025	1.021	742	1.763

Flutningsvirki í byggingu

	2025	2024
Staða 1.1.	121.726	56.655
Viðbætur á árinu	109.171	72.940
Flutt á rekstrarfjármuni	(84.920)	(13.356)
Flutt af undirbúningskostnaði	4.039	5.487
Afskriftir tímabilsins	(5)	0
Staða 31.12	150.011	121.726

Fasteignamat og vátryggingarverð

Fasteignamat þeirra eigna félagsins sem metnar eru í fasteignamati nemur um 91,8 milljónum USD (2024: 79,0 milljónum USD). Brunabótamat sömu eigna nemur um 184,3 milljónum USD (2024: 162,5 milljónum USD) og bókfært verð 108,6 milljónum USD (2024: 107,7 milljónum USD). Vátryggingafjárhæð eigna félagsins, annarra en háspennulína og strengja sem tryggð eru með viðlagatryggingu, nemur 778,5 milljónum USD (2024: 699,4 milljónum USD). Félagið er með viðlagatryggingu að fjárhæð 1.832,7 milljónum USD (2024: 1.403,1 milljónum USD).

Skýringar, frh.:

14. Óefnislegar eignir:

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 32d og 32h

	Undirbúnings- kostnaður	Hugbúnaður	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1.1.2024	26.678	6.864	33.542
Viðbætur á árinu	4.760	150	4.910
Flutt á flutningsvirki í byggingu	(5.487)	0	(5.487)
Staða 31.12.2024	25.951	7.014	32.965
Viðbætur á árinu	2.642	2.072	4.714
Flutt á flutningsvirki í byggingu	(4.039)	0	(4.039)
Staða 31.12.2025	24.554	9.086	33.640
Afskriftir og virðisrýrnun			
Staða 1.1.2024	10.038	4.107	14.145
Virðisrýrnun og afskriftir ársins	729	176	905
Staða 31.12.2024	10.767	4.283	15.050
Virðisrýrnun og afskriftir ársins	473	197	670
Staða 31.12.2025	11.240	4.480	15.720
Bókfært verð			
1.1.2024	16.640	2.757	19.397
31.12.2024	15.184	2.731	17.915
31.12.2025	13.314	4.606	17.920

Undirbúningskostnaður er á hverju ári yfirfarinn af stjórnendum Landsnets hf. og athugað hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun. Ef stjórnendur telja að virðisrýrnun hafi orðið er sá undirbúningskostnaður færður til gjalda sem virðisrýrnun meðal reksturs flutningskerfis.

15. Eignarhlutur í dótturfélagi

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 32e

Eignarhlutur í dótturfélagi:

	2025 Afkomu- hlutdeild	2024 Afkomu- hlutdeild	31.12.2025 Bókfært verð	31.12.2024 Bókfært verð
ELMA orkuviðskipti ehf. 100%	(871)	(551)	(2.074)	(1.042)

Rekstur dótturfélags Landsnets, Elma orkuviðskipta ehf., var óverulegur á tímabilinu og því ekki gerður samstæðureikningur.

16. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 32f

Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi:

	2025 Afkomu- hlutdeild	2024 Afkomu- hlutdeild	31.12.2025 Bókfært verð	31.12.2024 Bókfært verð
Orkufjarskipti hf. 48,6%	664	575	5.797	4.891

17. Birgðir

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 32g

Birgðir félagsins eru varahlutir og efnisbirgðir. Birgðir að fjárhæð 83 þús. USD (2024: 177 þús. USD) voru afskrifaðar árið 2025.

Skýringar, frh.:

18. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 32b

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur:

31.12.2025 31.12.2024

Viðskiptakröfur	29.971	27.476
Aðrar skammtímakröfur	1.929	1.406
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	31.900	28.882

Í lok árs voru 79,5% viðskiptakrafna yngri en 30 daga (2024: 80%).

19. Handbært fé

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 32b

Handbært fé:

31.12.2025 31.12.2024

Bankainnstæður í bandaríkjadöllum	32.288	48.894
Bankainnstæður í annarri mynt	5.104	7.389
Lausafjárjóðir í íslenskum krónum	11.485	22.559
Handbært fé samtals	48.877	78.842

20. Eigið fé

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 32b

Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 5.903 milljónir kr. í árslok. Félagið á engin eigin bréf. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

Endurmatsreikningur

Endurmatsreikningur félagsins samanstendur af endurmatshækkun rekstrarfjármuna að frádregnum tekjuskattsáhrifum. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning og millifærðar á sama tíma af endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé.

Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um hlutfélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutfjár í varasjóði, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð. Í varasjóðinn skal leggja 10% af hagnaði hvers árs þar til sjóðurinn nemur 10% af nafnverði hlutfjár, en 5% eftir það þar til lögbundnu lágmarki er náð. Í árslok 2025 nemur lögbundinn varasjóður 25% af nafnverði hlutfjár.

Þýðingarmunur

Þýðingarmunur er gengismunur sem er tilkominn vegna þess að dóttur- og hlutdeildarfélag Landsnets eru með aðra starfrækslunmynt.

Bundið eigið fé

Skv. ákvæðum ársreikningalaga skal félagið færa hlutdeild í afkomu dóttur- eða hlutdeildarféлага, sem er umfram móttekinn arð eða þann arð sem ákveðið hefur að úthluta, á bundinn hlutdeildarreikning á meðal eigin fjár. Félagið hefur hvorki fengið arð né verið úthlutað arði frá dóttur- eða hlutdeildarfélagi sínu og því fer öll hlutdeild í afkomu þeirra á bundinn reikning meðal eigin fjár.

Arður

Félagið greiddi arð að fjárhæð 18 milljónir USD á árinu 2025 vegna rekstrarársins 2024. Hins vegar var greiddur arður að fjárhæð 13 milljónir USD á árinu 2024 vegna rekstrarársins 2023.

21. Hagnaður á hlut

2025 2024

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 32p

Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut:

Hagnaður til hluthafa	44.886	43.136
Vegið meðaltal útstandandi hluta í árslok	45.549	45.549
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	0,99	0,95

Skýringar, frh.:

22. Vaxtaberandi langtímaskuldir

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 32b

Samningsbundin lánskjör af lántökum félagsins eru eftirfarandi:

	31.12.2025	31.12.2024
Langtímaskuldir		
Lánasamningar og skuldabréf í bandaríkjadöllum (USD), fastir vextir	488.605	467.702
Skráð skuldabréf á NASDAQ OMX í íslenskum krónum, fastir vextir	36.639	34.926
	525.244	502.628
Næsta árs afborgun langtímaskulda	(68.556)	(16.960)
	456.688	485.668
Skuldbinding vegna nýtingarréttar leigueigna	1.678	1.425
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	458.366	487.093

Í árslok 2025 uppfyllir félagið alla gildandi skilmála lánasamninga um fjárhagslegan styrk.

Skilmálar langtímaskulda

			31.12.2025		31.12.2024
	Lokagjalddagi	Vegnir meðalvextir	Bókfært verð	Vegnir meðalvextir	Bókfært verð
Skuldir í USD	2026-2040	4,56%	488.605	4,51%	467.702
Verðtryggðar skuldir í ISK	2034	5,00%	36.639	5,00%	34.926
Vaxtaberandi skuldir samtals			525.244		502.628

Afborganir greinast þannig á næstu ár:

Árið 2026 / 2025	68.556	16.960
Árið 2027 / 2026	70.807	68.115
Árið 2028 / 2027	46.422	66.343
Árið 2029 / 2028	47.058	43.982
Árið 2030 / 2029	61.297	43.192
Síðar	231.104	264.036
	525.244	502.628

Breyting vaxtaberandi langtímaskulda greinist þannig:

	2025	2024
Vaxtaberandi langtímaskuldir 1. janúar	502.628	487.330
Tekin langtímalán	34.945	49.922
Afborganir langtímaskulda	(17.620)	(36.028)
Gengismunur langtímaskulda	3.656	(563)
Verðbætur og breyting vegna affalla langtímaskulda	1.635	1.967
Vaxtaberandi langtímaskuldir 31. desember	525.244	502.628

Félagið er með samning um lánalínu við Landsbankann að fjárhæð 45 millj. USD (31.12.24: 45 millj. USD) og við Íslandsbanka að fjárhæð 15 millj. USD (31.12.2024: 15 millj. USD) en í árslok 2025 var ekkert dregið á lánalínur (31.12.24: 0 millj. USD).

Leiguskuldir

Meðal langtímaskulda í efnahagsreikningi er einnig skuldbinding vegna leigusamninga skv. IFRS 16 að fjárhæð 1.678 þúsund USD (31.12.24: 1.425 þús. USD) og 84 þúsund USD (31.12.24: 114 þús. USD) meðal annarra skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Skýringar, frh.:

22. Vaxtaberandi langtímaskuldir, frh.:

Leiguskuldir greinast þannig frá upphafi til loka ársins:

	2025	2024
Staða 1. janúar	1.538	1.612
Verðbætur	17	19
Aðrar breytingar á leigugreiðslum	133 (	12)
Afborgunarpáttur leigugreiðslna	(50) (	58)
Gengismunur	176 (	23)
Staða 31. desember	1.814	1.538

Áhrif leigusamninga í rekstrarreikningi greinast þannig:

Vaxtagjöld á leiguskuldir	(85) (	74)
Afskrift leigueigna	(73) (	77)
Gengishagnaður leiguskulda	175 (	23)

Eftirstöðvagreining - ónúvirt samningsbundið greiðsluflæði:

Til greiðslu innan árs	137	116
Til greiðslu eftir ár en innan 5 ára	499	434
Til greiðslu eftir 5 ár og síðar	3.242	2.709
Ónúvirt samningsbundið greiðsluflæði samtals:	3.878	3.259

23. Tekjuskattskuldbinding

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 33n

Tekjuskattskuldbinding félagsins greinist þannig:

Tekjuskattskuldbinding 1. janúar	83.252	76.459
Reiknaður tekjuskattur	11.278	11.626
Áhrif tekjuskatts á heildaraðkomu vegna niðurrifsskuldbindingar	(97)	86
Leiðrétting á tekjuskattskuldbindingu	(25)	0
Áhrif tekjuskatts af endurmati fært yfir eigið fé	15.906	9.256
Tekjuskattur til greiðslu	(10.485) (	14.175)
Tekjuskattskuldbinding 31. desember	99.829	83.252

Tekjuskattskuldbinding greinist þannig í árslok:

	31.12.2025	31.12.2024
Rekstrarfjármunir	106.124	87.753
Óefnislegar eignir	1.579	1.671
Aðrar eignir	(418)	794
Niðurrifsskuldbinding	(2.470) (	2.225)
Aðrar skuldbindingar	(4.757) (	4.731)
Önnleystur gengismunur	(229) (	10)
Tekjuskattskuldbinding í árslok	99.829	83.252

24. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur eru vegna kerfisframlags og annarra tengigjalda sem viðskiptavinir hafa greitt félaginu. Þær námu í lok árs 10,1 milljón USD (2024: 22,0 milljónum USD). Lækkun milli ára skýrist af því að verið er að breyta forsendum við útreikninga gagnvart framleiðendum. Áætlaðar endurgreiðslur vegna þess svo og sá hluti fyrirframinnheimtra tekna sem tekjufærður verður á næsta ári vegna annars tengikostnaðar er færður meðal skammtímaskulda. Tekjufærð tengigjöld á árinu 2025 námu 0,1 milljón USD (2024: 0,1 milljón USD).

Skýringar, frh.:

25. Niðurrifsskuldbinding

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 32j

Breyting skuldbindingar vegna niðurrifs greinist þannig:	2025	2024
Staða 1. janúar	11.128	10.883
Áhrif tímapáttar afvöxtunar í gegnum fjármagnsgjöld	738	676
Breyting skuldbindingar í gegnum aðra heildarafkomu	486	(431)
Staða 31. desember	12.352	11.128

Stofnverð rekstrarfjármuna innifelur áætlaðan kostnað við niðurrif þeirra að lokinni notkun. Áætlaður niðurrifskostnaður lína hefur verið metinn og núvirtur miðað við forsendur um nýtingartíma. Á móti hefur verið færð skuldbinding meðal langtímaskulda. Breyting á skuldbindingunni vegna núvirðingar, sem miðuð er við 6,4% vexti (2024: 6,4%) er á meðal eigin fjár.

26. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 32b

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Viðskiptaskuldir	23.415	17.380
Aðrar skammtímaskuldir	21.670	8.247
Skuldbinding vegna dótturfélags (skýring 15)	1.401	1.015
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	46.486	26.642

27. Fjármálagerningar

Stýring fjárhagslegrar áhættu

Eftirfarandi áhætta fylgir fjármálagerningum félagsins:

- Mótaðilaáhætta
- Lausafjárahætta
- Markaðsáhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og draga úr áhættum, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu þess. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víðar í ársreikningnum.

Stjórn félagsins ber að innleiða og hafa eftirlit með fjármálalegri áhættu þess. Stjórnin sækir ráðgjöf bæði til starfsmanna félagsins og utanaðkomandi ráðgjafa og ræðir reglulega á stjórnarfundum.

Markmið félagsins með virku eftirliti með fjármálalegri áhættu er að uppgötva og greina þær áhættur sem félagið býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni.

a. Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptavinur eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Mótaðilaáhætta félagsins er aðallega vegna viðskiptakrafna og ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna svo og vegna handbærs fjár.

Landsnet takmarkar mótaðilaáhættu tengda viðskiptavinum t.d. með ákvæðum í samningum um lágmarks kaup á flutningi raforku og með því að krefjast ábyrgða frá viðskiptavinum eftir því sem við á. Varðandi varðveislu handbærs fjár þá leitast Landsnet við að velja fjárhagslega stöðuga aðila til að eiga viðskipti við. Samkvæmt innri viðmiðum skal laust fé félagsins vera geymt í innlánnum og/eða verðbréfum hjá ríki, viðskiptabönkum eða öðrum traustum mótaðilum með lánsþæfismat, og/eða í sjóðum sem fjárfesta í ofangreindum eignum.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Helstu viðskiptavinir félagsins eru dreifingaraðilar raforku, stórnotendur, miðlarar og raforkuframleiðendur. Tæplega 40% flutningstekna voru vegna viðskipta við dreifingaraðila raforku og rúmlega 60% flutningstekna vegna viðskipta við stórnotendur, miðlara og raforkuframleiðendur.

Skýringar, frh.:

27. Fjármálagerningar, frh.:

Mesta mögulega tap vegna mótaðilaáhhættu

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

	31.12.2025	31.12.2024
Langtímakröfur	6.039	4.626
Viðskiptakröfur - tengd félög	496	485
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	31.900	28.882
Handbært fé	48.877	78.842
Mesta mögulega tap vegna mótaðilaáhhættu	87.312	112.835

Niðurfærsla

Á árinu 2025 var færð niðurfærsla að fjárhæð 2,9 milljónum USD (2024: 0,1 milljónir USD). Mat á niðurfærslu viðskiptakrafna byggir á mati og reynslu stjórnenda m.a. út frá langri viðskiptasögu stærstu viðskiptavina. Þá er handbært fé bankainnistæður hjá stöndugum bönkum sem lítil útlánaáhhætta er talin af. Farið er reglulega yfir innheimtumál félagsins.

b. Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum. Til viðbótar er félagið með lánalínu við Landsbankann að fjárhæð 45 milljónir USD og við Íslandsbanka að fjárhæð 15 milljónir USD. Í árslok var ekkert dregið á lánalínurnar.

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

	Bókfært	Samnings- bundið sjóðstreymi	Innan árs	Eftir 1-2 ár	Eftir 2-5 ár	Meira en 5 ár
31.12.2025						
Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:						
Langtímask.	529.683	653.921	92.841	90.844	200.822	269.414
Viðskiptask. og aðrar skammt.sk.	26.652	26.652	26.652	0	0	0
	556.335	680.573	119.493	90.844	200.822	269.414
31.12.2024						
Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:						
Langtímask.	506.605	637.568	39.856	90.352	201.204	306.156
Viðskiptask. og aðrar skammt.sk.	19.034	19.034	19.034	0	0	0
	525.639	656.602	58.890	90.352	201.204	306.156

c. Markaðsáhhætta

Markaðsáhhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerninga þess. Markmið með stýringu markaðsáhhættu er að stýra og takmarka áhhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður. Markaðsáhhætta er skilgreind sem gjaldmiðlaáhhætta, vaxtaáhhætta og verðtryggingaáhhætta.

Skýringar, frh.:

27. Fjármálagæringar, frh.:

c. Markaðsáhhætta, frh.

(i) Gjaldmiðlaáhhætta

Gjaldmiðlaáhhætta er sú áhhætta að fé tapist vegna óhagstæðra breytinga á gengi gjaldmiðla. Félagið býr aðallega við gjaldmiðlaáhhættu vegna tekna, innkaupa og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli félagsins. Starfrækslugjaldmiðill félagsins er í bandarískum dölum og myndast því gjaldmiðlaáhhætta af nettó sjóðstreymi og opinni stöðu efnahagsreiknings í öðrum myntum en bandarískum dölum. Um helmingur tekna félagsins er í bandarískum dölum (USD) en aðrar tekjur eru í íslenskum krónum. Gjaldmiðlaáhhætta vegna tekna í íslenskum krónum er takmörkuð þar sem innkaup í íslenskum krónum vega nánast upp á móti þeim á grundvelli sjóðstreymis. Á árinu sköpuðu einkum íslenskar krónur (ISK) gengisáhhættu í efnahag en aðrir gjaldmiðlar sköpuðu óverulega áhhættu. Í árslok var 93,0% af langtímalánum félagsins í bandaríkjadölum en 7,0% í íslenskum krónum.

Félagið ver sig að jafnaði ekki fyrir gjaldmiðlaáhhættu, en metur reglulega myntsamsetningu skulda félagsins á móti myntsamsetningu tekna og eigna.

Áhhætta félagsins vegna helstu erlendra gjaldmiðla er sem hér segir:

	EUR	ISK
31.12.2025		
Handbært fé	14	16.571
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	7	15.746
Langtímakröfur	0	6.039
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	(3.895)	(38.218)
Vaxtaberandi langtímaskuldir	0	(36.639)
Áhhætta í efnahagsreikningi	(3.874)	(36.501)
31.12.2024		
Handbært fé	7	29.939
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	7	17.213
Langtímakröfur	0	4.626
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	(2.229)	(20.396)
Vaxtaberandi langtímaskuldir	0	(34.926)
Áhhætta í efnahagsreikningi	(2.215)	(3.544)

	Meðalgengi		Árslokagengi	
	2025	2024	31.12.2025	31.12.2024
Gjaldmiðlar				
EUR	0,89	0,92	0,85	0,96
ISK	0,01	0,01	0,01	0,01

Næmnigreining

Styrking á gengi bandaríkjadals um 10% gagnvart eftirtöldum gjaldmiðlum þann 31. desember hefði hækkað (lækkað) afkomu félagsins eftir tekjuskatt um eftirfarandi fjárhæðir. Áhrif annarra erlendra gjaldmiðla eru óveruleg. Greiningin byggist á að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2024.

	31.12.2025	31.12.2024
EUR	310	177
ISK	2.920	284

Skýringar, frh.:

27. Fjármálagerningar, frh.:

Veiking á gengi bandaríkjadals um 10% gagnvart gjaldmiðlunum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist óbreyttar.

(ii) Vaxtaáhætta

Félagið býr við vaxtaáhattu vegna vaxtaberandi eigna og skulda. Lántökur félagsins eru allar með föstum vöxtum og þar af eitt lán með verðbótum, samanber skýringu nr. 22.

Vaxtaberandi fjármálagerningar félagsins í árslok greinast þannig:

	Bókfært verð	
	31.12.2025	31.12.2024
Fjármálagerningar með breytilega vexti:		
Fjáreignir	48.877	78.842
Fjármálagerningar með fasta vexti:		
Fjáreignir	6.039	4.626
Fjárskuldir	(525.244)	(502.628)
	(519.205)	(498.002)

Næmnigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með fasta vexti

Í árslok eru allar skuldir félagsins með fasta vexti. Þessar skuldir eru ekki færðar á gangvirði og eiga því breytingar á markaðsvöxtum á uppgjörstegi ekki að hafa áhrif á rekstrarreikning félagsins.

Næmnigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með breytilega vexti

Breyting á vöxtum um 100 punkta myndi hækka (lækka) afkomu um eftirfarandi fjárhæðir eftir tekjuskatt og hafa samsvarandi áhrif á eigið fé. Greiningin byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi erlendra gjaldmiðla, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2024.

	Afkoma	
	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun
31.12.2025		
Fjármálagerningar með breytilega vexti	544	(544)
Næmni sjóðstreymis (nettó)	544	(544)
31.12.2024		
Fjármálagerningar með breytilega vexti	530	(530)
Næmni sjóðstreymis (nettó)	530	(530)

Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda í efnahagsreikningi greinist þannig:

	31.12.2025		31.12.2024	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi langtímaskuldir	(525.244)	(532.681)	(502.628)	(505.589)

Gangvirði annarra fjármálagerninga er jafnt bókfærðu verði þeirra.

Skýringar, frh.:

27. Fjármálagerningar, frh.:

Vextir við mat á gangvirði

Við núvirðingu vænts sjóðstreymis eru notaðir vextir af ríkisskuldabréfum auk 1 prósentustiga álags á uppgjörssdegi eins og árið 2024.

Flokkun fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

	Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðar- verði	Fjárskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðar- verði	Bókfært virði
31.12.2025				
Langtímakröfur		5.679		5.679
Kröfur á tengd félög		496		496
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		31.187		31.187
Handbært fé		48.877		48.877
	0	86.239	0	86.239
Langtímaskuldir			525.244	525.244
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir			42.850	42.850
	0	0	568.094	568.094
31.12.2024				
Langtímakröfur		4.128		4.128
Kröfur á tengd félög		485		485
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		28.145		28.145
Handbært fé		78.842		78.842
	0	111.600	0	111.600
Langtímaskuldir			502.628	502.628
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir			21.973	21.973
	0	0	524.601	524.601

(ii) Verðtryggingaráhætta

Verðtryggingaráhætta er hættan á að sveiflur í vísitölu neysliverðs hafi áhrif á fjárhagsstöðu og sjóðstreymi verðtryggðra fjármálagerninga. Í árslok eru verðtryggðar skuldir 7,0% af heildar-langtímalánum (2024: 7,0%)

Breyting á vísitölu neysliverðs um 1 prósentustig (100 punkta) myndi (lækka) hækka afkomu um eftirfarandi fjárhæðir eftir tekjuskatt. Greiningin byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breytur haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2024.

	Afkoma	
	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun
31.12.2025		
Verðtryggðir fjármálagerningar	(314)	314
Næmni sjóðstreymis (nettó)	(314)	314
31.12.2024		
Verðtryggðir fjármálagerningar	(295)	295
Næmni sjóðstreymis (nettó)	(295)	295

Skýringar, frh.:

27. Fjármálagerningar, frh.:

Önnur markaðsáhætta

Önnur markaðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í verðbréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

Eiginfjárstýring

Landsnet leggur áherslu á að viðhalda traustum eiginfjárgrunni sem tekur mið af forsendum í ákvörðunum eftirlitsaðila um arðsemi félagsins í tekjumörkum og styður við frekari þróun félagsins.

28. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Hluthafar, dótturfélag, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Landsnet nýtir sér undanþágu frá skýringakröfum IAS 24 þar sem Landsnet er í eigu íslenska ríkisins.

Rekstur dótturfélags Landsnets, Elma orkuviðskipta ehf., er óverulegur á árinu og því ekki gerður samstæðureikningur.

Lykilstjórnendur

Auk launa njóta forstjóri og framkvæmdastjórar félagsins framlags í réttindatengda lífeyrissjóði. Auk þess eru bifreiðahlunnindi veitt. Upplýsingar um laun stjórnenda eru í skýringu 9.

Viðskipti við tengda aðila

	2025	2024
Sala á vörum og þjónustu:		
Dóttur- og hlutdeildarfélag	147	64
Aðrir hluthafar	44.112	38.524
Sala á vörum og þjónustu til tengdra aðila samtals	44.259	38.588
Kaup á vörum og þjónustu:		
Dóttur- og hlutdeildarfélag	4.468	2.427
Aðrir hluthafar	4.794	3.208
Kaup á vörum og þjónustu frá tengdum aðilum samtals	9.262	5.635

Auk kaupa á vörum og þjónustu hefur félagið óverulegar vaxtatekjur af langtímakröfu við dóttur- og hlutdeildarfélag sitt.

Staða í árslok

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

	31.12.2025		31.12.2024	
	Kröfur	Skuldir	Kröfur	Skuldir
Dóttur- og hlutdeildarfélag	496 (	1.401)	485 (	1.015)
Aðrir hluthafar	4.807	0	4.426	0
Samtals	5.303 (	1.401)	4.911 (	1.015)

Aðrar kröfur og skuldir við tengda aðila greinast þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Vaxtaberandi langtímakröfur við dóttur- og hlutdeildarfélag	5.679	4.128
Samtals	5.679	4.128

29. Önnur mál

Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 2/2024 sem féll hinn 5. júní 2024 var að kröfu Landsvirkjunar sf. staðfest að Landsneti hefði verið óheimilt að krefja raforkuframleiðendur um aflgjald vegna innmötunar raforku á flutningskerfi Landsnets. Slíkt gjald var innheimt á tímabilinu 1.4.2022–30.9.2023 og nam í heild um 3,1 ma. kr. Á sama tímabili var flutningsgjald sem innheimt var af raforkunotendum lækkað til samræmis enda heildartekjur félagsins ákvarðaðar á grundvelli tekjumarka sem Raforkueftirlitið setur Landsneti samkvæmt ákvæðum í raforkulögum. Dómurinn felur í sér að komi ekki til breytinga á raforkulögum er einungis heimilt að krefja raforkunotendur um greiðslu vegna flutnings raforku. Dómsniðurstaðan hefur hins vegar engin áhrif á tekjumörk Landsnets skv. 12. gr. raforkulaga nr. 65/2003 eða fjárhæð þeirra. Dómurinn hefur því ekki áhrif á heildartekjur sem Landsneti er heimilt að innheimta og eftir sem áður eru allar kerfiseignir Landsnets grundvöllur tekjumarka.

Að loknum viðræðum við hagaðila og eftir samskipti við Raforkueftirlitið gaf Landsnet út kreditreikninga þann 15. janúar 2025 vegna áður innheimtra tekna á grunni aflgjalds fyrir innmötun og endurgreiddi höfuðstól heildarfjárhæðar sem innheimt var á þeim grunni á fyrrgreindu tímabili til allra raforkuframleiðenda sem gjaldið greiddu. Vegna áhrifa útgáfu kreditreikninga á tekjur hækkaði Landsnet flutningsgjaldskrá til stórnotenda hinn 1. janúar 2025 og flutningsgjaldskrá til dreifiveitna hinn 1. mars 2025 og hafa því áhrif endurgreiðslunnar eru því að mestu gengin að mestu til baka í lok árs 2025.

Fjórir aðilar kærðu flutningsgjaldskrá stórnotenda nr. 54, sem tók gildi 1. janúar 2025, til úrskurðarnefndar raforkumála. Kærendur eru annars vegar tveir stórnotendur og hins vegar tveir raforkuframleiðendur. Kröfugerð kærenda felur í öllum tilfellum í sér kröfu um að gjaldskráin verði felld úr gildi. Meginröksemd kærenda fyrir því að ógilda eigi gjaldskrána er sú að hækkun flutningsgjaldskrár sé óheimil vegna þess að hækkun gjaldskrárinnar feli í sér ólögsmæta hækkun á tekjumörkum Landsnets í því skyni að fjármagna endurgreiðslu innmötunargjalds til raforkuframleiðenda í kjölfar dóms Hæstaréttar. Landsnet telur röksemdir kærenda ekki eiga sér stoð enda hafði fyrrgreind niðurstaða Hæstaréttar í máli nr. 2/2024 ekki áhrif á tekjumörk Landsnets. Hækkun Landsnets á tilgreindri gjaldskrá byggir á því að með útgáfu kreditreikninga og endurgreiðslu innmötunargjalds hafi skapast svigrúm innan gildandi tekjumarka til þeirrar hækkunar sem gjaldskrá nr. 54 felur í sér. Raforkueftirlitið fjallaði um gjaldskrána og gerði ekki athugasemdir við hana og féllst í umfjöllun sinni um hana á framangreindan rökstuðning Landsnets fyrir hækkuninni. Úrskurðarnefndin vísaði kærumálunum frá nefndinni með úrskurðum uppkveðnum 25. ágúst 2025 á þeim grundvelli að ákvörðun Raforkueftirlitsins hafi ekki falið í sér kæranlega stjórnvaldsákvörðun.

Í október 2025 kom upp bilun í álveri Norðuráls á Grundartanga, sem olli því að álframleiðsla Norðuráls skerðist um tvo þriðju um óákveðinn tíma samkvæmt tilkynningu fyrirtækisins. Raforkuflutningur til Norðuráls skerðist sem því nemur. Áhrif þessarar bilunar voru óveruleg á árinu 2025 en óvissa ríkir um áhrif hennar á rekstrarárið 2026 þar sem ekki liggur fyrir hvenær verksmiðjan mun aftur ná fullum afköstum. Í samningum um raforkuflutning til Norðuráls eru ákvæði um kaupskyldu sem kveða á um að greiða beri fyrir flutning 85% umsamins afls og orku, óháð fluttu raunmagni og á grundvelli þess eru áhrif á vænta rekstrarniðurstöðu ekki mikil. Norðurál hefur tilkynnt að bilunina megi rekja til óviðráðanlegra afls (force majeure) sem eigi að leiða til þess að kaupskyldan falli niður en sú niðurstaða hefði meiri áhrif á væntar tekjur frá fyrirtækinu. Landsnet er ósammála þeirri túlkun og hefur mótmælt henni.

30. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins:

Rekstur:	2025	2024
Rekstrarhagnaður (EBIT)	76.892	70.469
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	114.802	106.029
Efnahagur:	31.12.2025	31.12.2024
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	0,70	1,98
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	48,5%	46,5%
Arðsemi eigin fjár á meðalstöðu eiginfjár	7,2%	8,0%

31. Grundvöllur matsaðferða

Reikningsskil félagsins byggjast á kostnaðarverði, að eftirfarandi liðum undanskildum:

- Flutningskerfi félagsins er fært á endurmetnu verði.
- Fjármálagerningar á gangvirði gegnum rekstrareikning eru færðir á gangvirði.

32. Reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

Eftirfarandi efnisyfirlit sýnir á hvaða blaðsíðu má finna mismunandi reikningsskilareglur.

a. Erlendir gjaldmiðlar	29
b. Fjármálagerningar	29
c. Rekstrarfjármunir	30
d. Óefnislegar eignir	31
e. Eignarhlutur í dótturfélagi	32
f. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi	32
g. Birgðir	32
h. Virðisrýmun	32
i. Lífeyrisgreiðslur	33
j. Skuldbindingar	33
k. Tekjur af raforkuflutningi	33
l. Leigugreiðslur	33
m. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	34
n. Tekjuskattur	34
o. Starfspáttayfirlit	34
p. Hagnaður á hlut	35
q. Nýir og endurbættir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar	35

a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem þannig myndast er færður í rekstrarreikning.

b. Fjármálagerningar

(i) Fjáreignir aðrar en afleiðusamningar

Lán, kröfur og handbært fé eru færð á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjáreignir, þ.m.t. fjáreignir metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning, eru upphaflega færðar á þeim degi sem félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

Fjáreignir eru afskráðar ef samningsbundinn réttur félagsins að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef félagið framselur rétt til sjóðstreymis af eigninni til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldinu felst. Hluta af framseldum fjáreignum sem stofnað er til eða haldið eftir af félaginu er sérgreint í ársreikningi sem eign eða skuld.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur félagsins er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignina og gera upp skuldina á sama tíma.

Félagið flokkar fjáreignir aðrar en afleiðusamninga í eftirfarandi flokka: fjáreignir metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning og fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði.

Skýringar, frh.:

32. Reikningsskilaaðferðir, frh.:

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning

Fjáreignir eru flokkaðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning séu þær veltufjáreign eða ef þær eru tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Við upphaflega skráningu er beinn viðskiptakostnaður færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar þaðan í frá eru færðar í rekstrarreikning.

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjáreign sem áætlað er að eiga til gjalddaga og samningsbundnar greiðslur á settum gjalddögum samanstanda einungis af afborgunum af höfuðstól og vöxtum, skal skrá á afskrifuðu kostnaðarverði nema gerningurinn sé skilgreindur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við gangvirðisheimildina. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru slíkar fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að fráðreginni virðisrýrnun. Fjáreignir félagsins sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru langtímakröfur, viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur og handbært fé.

Til handbærs fjár telst sjóður, óbundnar bankainnistæður og peningamarkaðsbréf sem eru til ráðstöfunar innan þriggja mánaða.

(ii) Fjárskuldir aðrar en afleiðusamningar

Skuldabréf eru færð á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjárskuldir, þ.m.t. skuldir metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru upphaflega færðar á þeim viðskiptadegi þegar félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

Félagið afskráir fjárskuld þegar samningsbundnum skyldum vegna skuldagerningsins er lokið, þær felldar niður eða falla úr gildi.

Félagið flokkar fjárskuldir aðrar en afleiðusamninga sem aðrar fjárskuldir. Slíkar skuldir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru þessar fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Til fjárskulda félagsins annarra en afleiðusamninga teljast: skuldabréf, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Lántökukostnaður er færður til lækkunar á fjárskuldinni og leystur upp miðað við virka vexti.

(iii) Hlutfé

Hlutfé er flokkað sem eigið fé. Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð til lækkunar á eigin fé.

c. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir félagsins eru færðir til eignar á kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði að fráðregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun og eignfærðan fjármagnskostnað á byggingartíma. Aðkeyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur hluti til að starfrækja viðkomandi rekstrarfjármuni er færður til eignar sem hluti af kostnaðarverði þeirra. Jafnframt er við ákvörðun kostnaðarverðs tekið tillit til áætlaðs kostnaðar við niðurlagningu eignanna og kostnaðar sem kann að falla til við lagfæringu á þeim stað þar sem eignirnar voru. Þegar einstakir hlutir rekstrarfjármunar hafa ólíkan nýtingartíma eru þeir aðgreindir í bókhaldi og færðir sérstaklega.

Í samræmi við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli eru línur og tengivirki félagsins færð samkvæmt endurmatsaðferð. Þannig eru línur og tengivirki félagsins skráð á endurmetnu verði, sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að fráðregnum endurmetnum afskriftum frá þeim tíma sem eignin var aflað. Endurmat þessara eignanna er framkvæmt með reglubundnum hætti, þegar stjórnendur meta það að verulegar breytingar hafi orðið á gangvirði eignanna. Hefur félagið mótað sér stefnu um endurmat rekstrarfjármuna til að uppfylla kröfur fyrir beitingu endurmatsaðferðar. Samkvæmt henni skulu rekstrarfjármunir endurmetnir ef vísbendingar eru um að munur sé á bókfærðu verði endurmetinna fasteigna. Félagið metur stöðuna með formlegum hætti árlega.

Skýringar, frh.:

32. Reikningsskilaaðferðir, frh.:

Línur og tengivirki félagsins voru endurmetin í lok ársins. Við endurmatið var lagt mat á rekstrarvirði með sjóðstreymisgreiningu. Matstímabilið var frá 2025 til 2034 og eftir það var reiknað framtíðarvirði rekstrar. Einnig var litið til áætlaðs endurbyggingarkostnaðar flutningskerfisins, sem var metinn af óháðum sérfræðingum í árslok.

Endurmat ársins var byggt á rekstrarvirði núverandi eigna félagsins og gert ráð fyrir að fjárfestingar myndu jafngilda afskriftum núverandi eignastofns. Núvirðing framtíðarsjóðstreymis var byggt á markaðsvöxtum (WACC) í samræmi við aðferð sem beitt er þegar félaginu er úthlutað arðsemi fyrir stórnótendur og dreifiveitur.

Verðmatshækkunarir vegna endurmats eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskattsáhrifum. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna, sem er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar, er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna, en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

(ii) Flutningsvirki í byggingu

Flutningsvirki í byggingu eru færð til eignar á því verði sem svarar til aðkeyptar þjónustu, efnis, beins launakostnaðar og annars beins kostnaðar. Eignir sem ekki hafa verið teknar í notkun eru ekki afskrifaðar. Fjármagnskostnaður vegna fjármögnunar á kostnaðarverði flutningsvirkja í byggingu er eignfærður á byggingartíma og talinn hluti af kostnaðarverði eignarinnar. Eignfærður fjármagnskostnaður er veginn meðalfjármagnskostnaður félagsins á byggingartímanum.

(iii) Leigðar eignir

Þeir leigusamningar félagsins sem ekki eru teknir með í útreikning leiguskulda og leigugagna í samræmi við IFRS 16, eru skilgreindir sem rekstrarleigusamningar og eru leigðar eignir ekki færðar í efnahagsreikning félagsins.

(iv) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(v) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Tengivirki	20 - 40 ár
Háspennulínur og strengir	20 - 70 ár
Fasteignir	50 ár
Skrifstofuáhöld, tæki og aðrar eignir	4-10 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi.

d. Óefnislegar eignir

(i) Undirbúningskostnaður

Undirbúningskostnaður er eignfærður meðal fastafjármuna. Hér er aðallega um að ræða kostnað vegna kannana á línustæðum, undirbúnings lagningar flutningsmannvirkja og kostnað tengdan vinnu við umhverfismat vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Fjármagnskostnaður vegna verkefna sem eru í undirbúningi er eignfærður og er talinn hluti af undirbúningskostnaðinum. Þetta á þó ekki við um verkefni sem eru í bið umfram eðlilegt ferli verkefnisins. Kostnaður er ekki afskrifaður á þessu stigi heldur hefur verið tekið tillit til mögulegrar virðisrýrnunar eins og fram kemur í skýringu 32h.

Ef undirbúningskostnaður er að frumkvæði raforkukaupanda hefur félagið samið um að ef ekki verði af framkvæmdum, beri þeir útlagðan kostnað.

Þegar ákvörðun um lagningu flutningsmannvirkis hefur verið tekin og öll tilskilin leyfi hafa fengist, er undirbúningskostnaður eignfærður sem flutningsmannvirki í byggingu.

Skýringar, frh.:

32. Reikningsskilaaðferðir, frh.:

Á hverjum reikningsskiladegi er eignfærður undirbúningskostnaður yfirfarinn af stjórnendum með tilliti til skilyrða reikningsskilareglna um eignfærslu og virðisrýrnun færð ef talið er að forsendur séu ekki lengur til staðar. Útlagður kostnaður við almennar rannsóknir er gjaldfærður þegar hann fellur til.

(ii) Hugbúnaður og aðrar óefnislegar eignir

Hugbúnaður og aðrar óefnislegar eignir eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma. Nýtingartími hugbúnaðar er 4 ár.

e. Eignarhlutur í dótturfélagi

Félagið á dótturfélagið ELMA orkuviðskipti ehf. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild í afkomu og eiginfjárhreyfingum dótturfélagsins frá upphafi áhrifa til loka þess. Rekstur félagsins var þó óverulegur á árinu og því er ekki gerður samstæðureikningur.

f. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi

Hlutdeildarfélag er félag þar sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður 20-50% atkvæðisréttar. Hlutdeildarfélag er fært í ársreikninginn með hlutdeildaraðferð og er í upphafi fært á kostnaðarverði. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild í afkomu og eiginfjárhreyfingum hlutdeildarfélags frá upphafi áhrifa til loka þess. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

g. Birgðir

Rekstrarvöru- og varahlutabirgðir eru færðar á kostnaðarverði. Úreltar og ónýtar birgðir eru gjaldfærðar. Kostnaður við birgðir er byggður á „fyrst inn - fyrst út“ reglunni (FIFO) við birgðamat og tekur til kostnaðar sem stofnað hefur verið til við kaup birgðanna og við að koma þeim á staðinn og í notkunarhæft ástand.

h. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir

Virðisrýrnunarlíkan IFRS 9 skiptir fjáreignum í þrjú stig: Stig 1 þar sem vænt útlánatap er metið út frá líkum á því að vanefndir verði á næstu 12 mánuðum; stig 2 þar sem vænt útlánatap er metið út frá því að til vanefnda komi einhvern tímann á líftíma fjáreignarinnar; og stig 3 þar sem hlutlægar vísbendingar eru til staðar um að fjáreign sé virðisrýrð.

Upphaflega eru fjáreignir skráðar á stig 1, að undanskildum viðskiptakröfum án verulegs fjármögnunarþáttar og þeim fjáreignum sem eru virðisrýrðar við upphaflega skráningu.

Fjáreignir eru færðar á stig 2 verði veruleg aukning í útlánaáhættu mótaðila frá upphaflegri skráningu. Viðskiptakröfur félagsins eru án verulegs fjármögnunarþáttar og því færðar á stig 2 við upphaflega skráningu í samræmi við einfaldað líkan sem staðallinn setur fram fyrir slíkar fjáreignir.

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna (stig 3). Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir, sem hafa orðið, hafa áhrif á vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar og hægt er að meta virðisrýrnun með áreiðanlegum hætti.

Breytingar á virðisrýrnunarframlagi fjáreigna í afskriftareikning eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem matið fer fram.

Virðisrýrnun er bakfærð ef unnt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti við atburð sem átt hefur sér stað eftir að virðisrýrnun var færð.

Skýringar, frh.:

32. Reikningsskilaaðferðir, frh.:

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna, að undanskildum birgðum, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni. Virðisrýrnun endurmatseigna er færð til lækkunar á endurmatsreikningi að því marki sem nemur endurmati vegna þeirrar eignar.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

i. Lífeyrisgreiðslur

(i) Iðgjaldatengd lífeyriskerfi

Félagið greiðir iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Félagið ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi eftir því sem þau falla til.

j. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar félaginu ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárfæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

(i) Niðurrifsskuldbinding

Félagið hefur áætlað kostnað við niðurrif núverandi línustæða. Niðurrifskostnaðurinn hefur verið núvirtur miðað við áætlaðan líftíma háspennulína félagsins og er núvirt fjárhæð færð annars vegar til hækkunar á viðkomandi eign og hins vegar sem skuldbinding í efnahagsreikningi.

k. Tekjur af raforkuflutningi

Landsnet annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga nr. 65/2003. Tekjusköpun orkuflutnings er samkvæmt mældri afhendingu orkunnar og gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Gjaldskrá er háð tekjumörkum sem félaginu er sett á grundvelli 12. gr. raforkulaganna og eru undir eftirliti Raforkueftirlitsins.

Tekjusköpun flutningstapa og kerfisþjónustu er einnig samkvæmt mældri afhendingu og gildandi gjaldskrá. Gjaldskráin er grundvölluð á innkaupsverði, byggt á útboðum. Hún er utan tekjumarka en háð eftirliti Raforkueftirlitsins. Réttur til tekjuskráningar og að gera reikning vegna flutnings á raforku verður til þegar raforka er flutt og afhent. Félaginu er heimilt að innheimta frá viðskiptavinum um viðbótarkostnað við að tengja þá inn á flutningskerfið. Viðbótarkostnaðurinn er færður sem fyrirframinnheimtar tekjur og tekjufærðar miðað við ákvæði samninga.

l. Leigugreiðslur

Félagið leggur mat á það hvort samningur sé eða innihaldi leigusamning byggt á skilgreiningu á leigusamningi. Samkvæmt IFRS 16 er samningur leigusamningur ef hann veitir rétt til yfirráða yfir skilgreindri eign á tímabili í skiptum fyrir endurgjald. Vegna þessa hefur félagið sem leigutaki eignfært leigueignir vegna réttar félagsins til að nota þær og leiguskuldir vegna skuldbindingar félagsins til að greiða leigu. Færsla leigusamninga hjá leigusala er svipuð og samkvæmt fyrri reikningsskilaaðferðum, þ.e. leigusali flokkar hvern leigusamning annaðhvort sem fjármögnunarleigusamning eða rekstrarleigusamning. Beiting IFRS 16 hefur ekki haft áhrif á reikningsskil félagsins sem leigusala.

Leigueignir

Leigueignir eru upphaflega færðar í efnahagsreikning á upphafsdegi leigusamninga og metnar á kostnaðarverði. Þær eru síðan metnar á endurmetnu verði líkt og sambærilegar eignir til eigin nota sem eru í eigu félagsins að teknu tilliti til afskrifta, virðisrýrnunar og leiðréttinga vegna endurmats leiguskulda, eftir því sem við á. Leigueignir eru í efnahagsreikningi meðal rekstrarfjármuna.

Skýringar, frh.:

32. Reikningsskilaaðferðir, frh.:

Leiguskuldir

Leiguskuldir eru upphaflega færðar í efnahagsreikning á upphafsdegi leigusamninga og metnar miðað við núvirði leigugreiðslna sem eru ógreiddar á þeim tíma, þar sem leigugreiðslur eru núvirtar með vöxtum félagsins á nýju lánsfé.

Stjórnendur hafa lagt mat á hvaða vextir séu viðeigandi við útreikning leiguskuldbindinga miðað við vænta vexti af nýju lánsfé. Við matið var horft til ýmissa þátta en einkum tegundar leigueignar og leigutíma. Vextir voru ákvarðaðir sem 5%.

Eftir upphaflega færslu er bókfært verð leiguskulda hækkað vegna vaxtagjalda og lækkað vegna greiddra leigugreiðslna. Bókfært verð er jafnframt endurmetið þegar breyting verður á framtíðarleigugreiðslum vegna breytinga á vísitölu eða vöxtum, á mati á þeirri fjárhæð sem vænst er að þurfi að greiða á grundvelli hrakvirðistryggingar, eða þegar við á, breytinga á mati á því hvort nokkuð víst er að kaupheimild eða framlengingarheimild verði nýtt eða að uppsagnarheimild verði ekki nýtt.

Leigugreiðslum er skipt í vaxtagjaldahluta annars vegar og afborgunarhluta leiguskulda hins vegar. Vaxtagjaldahluti leigugreiðslna fer almennt lækkandi eftir því sem líður á leigutíma. Leiguskuldir eru meðal annarra langtímaskulda í efnahagsreikningi.

Einnig er félagið með leigugreiðslur þar sem um er að ræða breytilegar leigugreiðslur sem ekki taka mið af vísitölu eða vöxtum. Í samræmi við IFRS 16 eru þær ekki teknar með í útreikning leiguskulda og leigueigna heldur gjaldfærðar eftir því sem þær falla til.

Þessar leigugreiðslur eru vegna leigu hluta af flutningsvirkjum innlendra orkufyrirtækja. Leigusamningarnir eru ótímasettir og er útreikningur leiguverðs undir eftirliti Raforkueftirlitsins.

Þessi leiga sem svarar til fjármagnskostnaðar og afskrifta á árinu vegna afnota af flutningsmannvirkjum raforkufyrirtækja er gjaldfærð í ársreikningnum. Leigugjaldið er undir eftirliti Raforkueftirlitsins. Árið 2025 námu leigugreiðslur 2,0 milljónum USD (2024: 1,3 milljónum USD)

m. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning, söluhagnaði af eignarhlutum í hlutdeildarfélögum og gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum sem er færður í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar niðurrifsskuldbindingar, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning og virðisrýrnun fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

n. Tekjuskattur

Tekjuskattur á afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir í yfirlit um heildarafkomu eða beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður með sama hætti.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsgengi. Tekjuskattshlutfall félagsins er 20% árið 2025.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsgengi.

o. Starfspáttayfirlit

Samkvæmt raforkulögum er félaginu einungis heimilt að annast flutning á raforku og kerfisstjórnun á Íslandi, auk þess sem því er heimilt að starfrækja raforkumarkað. Dótturfélag Landsnets, Elma orkuviðskipti ehf., hóf starfrækslu raforkumarkaðar í mars 2025 en um óverulegan rekstur er að ræða enn sem komið er. Því er einungis litið á núverandi starfsemi sem einn starfspátt og er því ekki birt starfspáttayfirlit.

Skýringar, frh.:

32. Reikningsskilaaðferðir, frh.:

p. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

q. Nýir og endurbættir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Félagið hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu, breytingar á þeim og nýjar túlkanir sem gilda fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2025 eða síðar. Eftirfarandi staðall og endurbætur tóku gildi 1. janúar 2025:

- IAS 21 Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla	Leiðbeiningar varðandi mat á skiptanleika gjaldmiðla og skiptagengi
Það er mat stjórnenda að innleiðing ofangreindra endurbóta á stöðlum hafi ekki haft veruleg áhrif á ársreiknininn.	
Félagið hefur ekki innleitt eftirfarandi nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi fyrir reikningsárið 2025:	
Gildistaka:	
- IFRS 18 Framsetning og skýringar í reikningsskilum	1. janúar 2027
- IFRS 19 Dótturfélög án almannaábyrgðar: Skýringar	1. janúar 2027

Það er mat stjórnenda að innleiðing á IFRS 18 muni hafa áhrif á framsetningu upplýsinga í reikningsskilunum án þess að hafa áhrif á reikningshaldslegt mat. Unnið er að undirbúningi við innleiðingu staðalsins en áhrif liggja ekki fyrir. Evrópusambandið hefur ekki staðfest innleiðingu á IFRS 18 og IFRS 19 að svo stöddu, en búist er við staðfestingu á IFRS 18 á fyrsta ársfjórðungi ársins 2026. Þá er það jafnframt mat stjórnenda að innleiðing annarra staðla eða endurbóta á stöðlum í útgáfu sem ekki hafa tekið gildi muni hafa engin eða óveruleg áhrif á reikningsskilin.

Viðauki 1 - Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn og stjórnarhættir Landsnets hf.

Hlutverk Landsnets hf. samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 er að reka flutningskerfi raforku og annast kerfisstjórnun. Félaginu ber að tryggja og viðhalda hæfni flutningskerfisins til lengri tíma og tryggja rekstraröryggi raforkukerfisins. Landsneti ber einnig að stilla saman raforkuvinnslu og raforkuþörf á hverjum tíma og annast uppgjör orkuflæðis á landsvísu. Þá á félagið að stuðla að því að efla virkni raforkumarkaðarins.

Landsnet er hlutafélag í eigu Ríkissjóðs Íslands (93,22%) og Orkuveitu Reykjavíkur (6,78%) og tók til starfa í ársbyrjun 2005. Félagið starfar skv. sérleyfi og er háð eftirliti Raforkueftirlitsins sem ákveður tekjumörk sem tekjur og gjaldskrár byggja á.

Stjórnarhættir

Landsnet hf. fylgir reglum um stjórnarhætti sem fjallað er um í lögum um ársreikninga og lögum um hlutafélög. Einnig leitast stjórn Landsnets við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út og gilda frá og með 1. júlí 2021. Stjórn setur sér starfsreglur, þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Núverandi starfsreglur voru staðfestar á stjórnarfundum Landsnets hf. 15. maí 2025 og eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins www.landsnet.is

Innra eftirlit og áhættustýring

Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, sem og fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits. Til að tryggja að reikningsskil Landsnets séu í samræmi við góða reikningsskilavenju hefur félagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið, eðlilega aðgreiningu starfa, ásamt reglulegri skýrslugjöf og gegnsæi í starfseminni. Mánaðarleg skýrslugjöf ásamt rýni fyrir einstök svið er mikilvægur þáttur í eftirliti með afkomu og öðrum lykilþáttum starfseminnar.

Áhættustjórnun er hluti af stjórnunarkerfi Landsnets í þeim tilgangi að tryggja árangursríkan, ábyrgan og samfelldan rekstur. Framkvæmd áhættustjórnunar tekur mið af meginreglum og leiðbeiningum alþjóðlegra staðla og ábyrgðaskipting fellur að innra eftirliti og skipulagi þess. Sérstök áhersla er lögð á að áhættustjórnun sé hluti af menningu fyrirtækisins, að starfsmenn fyrirtækisins þekki fyrirkomulag áhættustjórnunar og vinni samkvæmt því. Félagið hefur gert áhættumat á rekstri þess. Í þeirri vinnu var áhættusniði Landsnets skipt í þrjá flokka, rekstraráhættu, fjárhagsáhættu og stefnumótunaráhættu.

Í áhættumatinu er markmiðið að greina og auðkenna alla þá áhættuþætti sem geta skapast í starfsemi fyrirtækisins og möguleg áhrif þeirra á starfsemina skoðuð. Ef áhrif þeirra eru utan samþykks áhættuvilja er nauðsynlegt að fara í aðgerðir til þess að draga úr áhættu. Í kjölfarið eru skipulagðar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir eða lágmarka áhrif þessara áhættuþátta og einnig, ef við á, skilgreinda áætlun um viðbragð við óvæntum atburðum. Fylgjast með þróun skilgreindra áhættuþátta með reglubundnum hætti og um leið eru mótvægisáðgerðir endurskoðaðar og viðbragðsáætlanir yfirfarnar.

Félagið hefur greint helstu áhrif, jákvæð og neikvæð, áhættur og tækifæri sem tengjast sjálfbærni í starfseminni, þar á meðal loftslagsáhættur. Á grundvelli tvíþátta mikilvægisgreiningar hafa sjálfbærniáhættur verið greindar og kortlagðar og skilgreindar sem hluti af áhættustýringu. Áhersla er lögð á að tryggja að sjálfbærni sé hluti af stefnumótun, áhættugreiningu og fjárfestingaákvörðunum félagsins.

Stjórn hefur eftirlit með áhættu félagsins. Frekari upplýsingar um áhættustýringu má finna í skýringu nr. 27 í ársreikningi félagsins.

Fjölbreytileiki, gildi og siðareglur

Hjá Landsneti er mannaðs- og mannréttindastefna órjúfanlegur hluti af heildarstefnu félagsins. Landsnet leggur áherslu á að virða mannréttindi og jafnrétti í allri starfsemi félagsins, tryggja fjölbreytileika og að hver sá sem starfar hjá félaginu sé metinn á eigin forsendum og mismunandi sjónarmið fái að njóta sín. Lögð er rík áhersla á jafnræði og að öll fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Stjórnarháttafirlýsing, frh.:

Í jafnréttisáætlun félagsins er farið yfir aðgerðir til að auka fjölbreytileika í hópi starfsfólks. Mannauðs- og mannréttindastefnu Landsnets sem og jafnréttisáætlun félagsins má finna á heimasíðunni, www.landsnet.is. Starfsfólki ber að hafa gildi Landsnets að leiðarljósi í öllum störfum sínum og athöfnum. Gildin taka mið af hlutverki og framtíðarsýn félagsins og eru grundvöllur þess fyrirtækjabrags sem sóst er eftir. Gildi Landsnets eru þrjú, virðing, samvinna og ábyrgð.

Siðareglur Landsnets voru samþykktar á stjórnarfundi 22. ágúst 2024 og eru settar fram til að stuðla að heiðarleika, réttisýni og sanngirni starfsfólks gagnvart hvert öðru, félaginu og viðskiptavinum þess. Reglunum er ætlað að efla traust og tiltrú viðskiptavina og almennings á Landsneti hf. og að takmarka hættuna á því að álit almennings á Landsneti biði hnekkji. Það er mat stjórnar Landsnets hf. að skýrar siðareglur, sem hafðar eru í heiðri í daglegum störfum, séu grunnur að velgengni og framtíðarvexti félagsins. Siðareglur Landsnets hf. ná til allra þeirra er starfa hjá félaginu þar með talið stjórnarfólks og forstjóra. Siðareglur Landsnets eru aðgengilegar á aðalskrifstofu félagsins og á heimasíðu félagsins, www.landsnet.is.

Framtíðarsýn og stefnuáherslur

Grundvöllur áherslna í rekstri og fjárfestingum hefur verið markaður með stefnu til þriggja ára í senn og var síðasta stefna sett fyrir árin 2023 - 2025. Landsnet vinnur að nýrri stefnu og leggur þannig grunn að áherslum félagsins til næstu ára. Fyrir árið 2025 lá eldri stefna til grundvallar þar sem áhersla var á framtíðarsýn er byggðist á „Rafvæddri framtíð í takt við samfélagið“. Áhersla síðustu ára var á þær miklu samfélagsbreytingar sem hafa orðið með auknum kröfum varðandi aðgengi að rafmagni og tryggri afhendingu raforku. Áhersla var á það virði sem hagkvæmt og áreiðanlegt flutningskerfi, ábyrgur rekstur, sjálfbærni, ábyrgar fjárfestingar og fjármögnun, virkur orkumarkaður og gagnsæi í viðskiptum myndu skapa.

Stefnuáherslur

Landsnet skilgreindi fjórar lykiláherslur sem skyldu endurspegla stefnu félagsins fyrir árin 2023-2025.

Hagkvæmt og áreiðanlegt flutningskerfi

Flutningskerfi þurfa að mæta kröfum samtímans ásamt því að geta tekist á við framtíðaráskoranir. Þau eru í sífældri þróun, sem þarf að tryggja fjölbreytt aðgengi að raforkumarkaði á sama tíma og hagkvæmni er höfð að leiðarljósi. Árangur næst með því að huga að undirbúningi og áætlanagerð og einfalda ferla og gera þá skilvirkari. Með því að ná árangri í þróun flutningskerfisins, þá nýtist fjármagn betur og hægt er að halda aftur af hækkun gjaldskrár.

Ábyrgur rekstur, fjárfestingar, fjármögnun og sjálfbærni

Flutningskerfi raforku er hluti af stærra samhengi og því geta ákvarðanir félagsins haft áhrif til góðs út í samfélagið. Áhersla er á að nýta tækifæri í virðiskeðjunni sem snúa að kostnaði, sóun og umhverfisáhrifum. Tækifærin ná einnig til allra þátta sem leiða að því að því að afhenda rétta vöru, á réttu verði, á réttum tíma. Markmiðið er að lágmarka áhrif framkvæmda og rekstur á umhverfi og náttúru. Samfélagsábyrgð fylgir rekstri flutningskerfisins, hvort sem hún snýr að náttúru, meðferð fjármuna eða öruggri afhendingu raforku.

Gagnadrifin þjónusta byggð á rauntímaupplýsingum

Markmið félagsins er að nýta gögn í auknum mæli til ákvarðanatöku, sjálfvirknivæðingar ferla og miðlun upplýsinga. Til þess þarf gagnaumhverfi að vera skilvirk og aðgengilegt samfélaginu.

Virkur orkumarkaður og gagnsæ viðskipti og verðmyndun

Hlutverk orkumarkaðar er að skila hagstæðustu verðum til neytenda hverju sinni. Að auki er virkur, opin og gagnsær orkumarkaður öflugasta tækið til að tryggja orkuöryggi, orkunýtni og jafnt aðgengi aðila að orku. Gagnsæ verðmyndun, sem er einkenni virks orkumarkaðar, tryggir jafnvægi í framboði og eftirspurn, en slíkt jafnvægi er til lengri og skemmri tíma orkuöryggismál. Nauðsynlegt er að byggja upp umhverfi virks orkumarkaðar á Íslandi. Með því að vinna að auknu orkuöryggi, orkunýtni og aðgengi nýrra aðila á markað er skapaðar aðstæður gagnsærrar verðmyndunar á markaði.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Til stuðnings stefnuáherslum eru skilgreindar tvær stuðningsáherslur þar er lögð áhersla á innri mál eins og mannauð, menningu, vinnubrögð og nálgun.

Mannauður og menning

Menning er samanlagt hugarfar alls starfsfólks. Helgun starfsfólks styður við frumkvæði, árangurshugsun og hvata til að ná árangri. Lögð er áhersla á að byggja upp menningu sem einkennist af trausti og hvatningu til uppbyggilegrar umræðu. Áhersla er á að samskipti við ytri eða innri hagaðila einkennast af uppbyggilegri nálgun og heilindum. Til að ná markmiðum um helgun er lögð áhersla á þjálfun þeirra sem vinna hjá félaginu auk þess sem hugað er að öryggi, andlegri og félagslegri vellíðan.

Vinnubrögð og nálgun

Viðskiptavinurinn er í forgrunni og áhersla lögð á að vinnubrögð og nálgun á úrlausn verkefna byggist á viðskiptalegum áherslum, þar sem sérstaklega er horft til þess hvaða virði er verið að afhenda. Með áherslu á sjálfbærni í starfseminni lágmarkuð umhverfisáhrif, hagkvæmni í fjárfestingum og fjármögnun og áhersla á að auka skilvirkni. Í rekstri og fjárfestingum er horft til virðisauka í rekstri og afhendingu raforku og hagkvæmni. Persónuöryggi er í öndvegi hjá Landsneti með áherslu á að allt starfsfólk og verktakar sem vinna fyrir Landsnet komi heilir heim eftir vinnu.

Stjórnskipulag Landsnets

Stjórn félagsins er skipuð til eins árs og eru fimm aðalmenn og tveir varamenn. Í framkvæmdastjórn félagsins eru sjö aðilar, forstjóri og sex framkvæmdastjórar. Endurskoðunarnefnd er eina undirnefnd stjórnar en þar sitja tveir stjórnarmenn og einn ytri aðili. Auk þess fer stjórn með hlutverk starfskjaranefndar. Áhættunefnd er skipuð forstjóra og þremur framkvæmdastjórum.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Í samræmi við ákvæði í lögum um stofnun Landsnets nr. 75/2004 og raforkulögum nr. 65/2003 skulu stjórnarmenn í félaginu vera að öllu leyti óháðir vinnslu-, dreifingar- og sölufyrirtækjum raforku, hvort sem slík fyrirtæki eru eigendur félagsins eður ei. Er þetta gert til að fullnægja lögbundnum kröfum um að flutningsfyrirtækið gæti fyllsta hlutleysis og jafnræðis í starfsemi sinni.

Stjórn

Stjórn Landsnets hf. hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Stjórnin ber ábyrgð á stefnumótun þess og stærri ákvörðunum á milli hluthafafunda sem m.a. eru tilgreindar í starfsreglum stjórnar. Hún hefur eftirlit með öllum rekstri félagsins og fylgir því eftir að starfsemi sé að jafnaði í réttu og góðu horfi. Hún tryggir að nægilegt eftirlit sé haft með meðferð fjármuna félagsins og góð regla sé á bókhaldi og uppgjöri. Stjórnin ræður forstjóra félagsins. Allir stjórnarmenn eru óháðir félaginu og hluthöfum samkvæmt 8. gr raforkulaga 65/2003.

Árlega, á aðalfundi, eru kjörnir fimm aðalmenn og tveir varamenn í stjórn félagsins. Valnefnd á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins kom með tillögu að stjórnarmeðlimum út frá hæfni umsækjenda og tók ný stjórn tók við þann 28. mars 2025.

Stjórn félagsins skipa:

Haraldur Flosi Tryggvason Klein, formaður stjórnar.

Haraldur Flosi Tryggvason Klein, stjórnarformaður, er fæddur árið 1966. Hann starfar í Reykjavík og fæst við lögmennsku að aðalstarfi en hefur jafnframt því fengist við ráðgjöf, kennslu og hefur setið í stjórnnum fyrirtækja og félagasamtaka. Haraldur er með Cand.Jur gráðu frá HÍ og lauk framhaldsmenntun á sviði Evrópuréttar til Magister Juris prófs frá Oxford University MBA og MBA gráðu frá Oxford Brookes University. Haraldur hefur víðtæka reynslu af setu í stjórnnum opinberra fyrirtækja. Hann var m.a. formaður stjórnar OR um árabíl og varaformaður stjórnar Landsvirkjunar um tíma.

Hann var kjörinn í stjórn Landsnets á aðalfundi 28. mars 2025. Haraldur hefur engin hagsmunatengsl við félagið eða helstu viðskiptavini þess.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Harpa Þuríður Böðvarsdóttir, stjórnarmaður

Harpa Þuríður Böðvarsdóttir, meðstjórnandi, er fædd árið 1975. Hún er með meistaragráðu í fjármálum fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík og í stjórnun og stefnumótun frá Háskóla Íslands og Copenhagen Business School. Einnig er Harpa með BA-próf í stjórn málafræði frá Háskóla Íslands og University of South Carolina. Hún gegnir starfi staðgengils forstjóra hjá Samgöngustofu en áður var hún forstöðumaður stefnu og árangurs hjá Veitum. Einnig var hún í stjórnendastöðum hjá Actavis um árabíl. Harpa hefur viðtæka reynslu af vettvangi alþjóðlegs lyfjaiðnaðar, innviða starfsemi og íslenskrar stjórnsýslu. Harpa hefur setið í stjórnnum ýmissa fyrirtækja og í nefndum hjá sveitarfélaginu Ölfusi.

Harpa var kosin í stjórn Landsnets árið 2025 og hefur engin hagsmunatengsl við félagið eða helstu viðskiptaaðila þess.

Kristján Arinbjarnar, stjórnarmaður

Kristján Arinbjarnar, meðstjórnandi, er fæddur 1960. Hann er verkfræðingur M.S með yfir 35 ára reynslu af hönnun, ráðgjöf og framkvæmdum, m.a. sem framkvæmdastjóri hjá ÍAV (2000–2024). Kristján hefur starfað sjálfstætt frá 2024 og sérhæfir sig í verkefnastjórnun, stefnumótun og kostnaðareftirliti. Að auki hefur Kristján kennt við HÍ og setið í stjórnnum ýmissa fagfélaga.

Kristján kom í stjórn Landsnets 28. mars 2025 og situr auk þess í endurskoðunarnefnd Landsnets. Hann hefur engin hagsmunatengsl við félagið eða viðskiptavinum þess.

Ruth Elfarsdóttir, stjórnarmaður

Ruth Elfarsdóttir, meðstjórnandi, er fædd 1967. Ruth er með yfir 30 ára starfsreynslu í fjármála- og rekstrarstjórnun í stærri fyrirtækjum og stofnunum á Íslandi. Hún er með M.Sc. í stjórnun og stefnumótun frá Háskóla Íslands og viðskiptafræðing með áherslu á endurskoðun. Hún hefur einnig lokið viðurkenndri stjórnarmenn frá Háskóla Íslands. Ruth starfar sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs Sensa by Crayon þar áður hjá Vegagerðinni sem framkvæmdastjóri fjármála og rekstur (2019-2023) hjá Alcoa Fjarðaáli sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs í 12 ár og þar áður starfaði hún sem deildarstjóri bókhalds hjá Samskipum hf. og deildarstjóri hagdeildar hjá Skeljungu hf.

Ruth var kosin í stjórn Landsnets 28. mars árið 2025 og situr auk þess í endurskoðunarnefnd Landsnets. Ruth hefur engin hagsmunatengsl við félagið eða helstu viðskiptavinum þess.

Stefán Pétursson, stjórnarmaður

Stefán Pétursson, meðstjórnandi, er fæddur 1963. Stefán Pétursson er fjármálastjóri lyfjapróunarfyrirtækisins EpiEndo Pharmaceuticals ehf. Hann hefur áratuga reynslu úr orku- og fjármálageiranum, þar sem hann m.a. gegndi áður stjórnendastöðum hjá Landsvirkjun og var fjármálastjóri Arion banka um árabíl. Stefán er varaformaður stjórnar Íslandsbanka og hefur jafnframt setið í stjórnnum fjölda fyrirtækja og stofnana. Stefán er vðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur jafnframt MBA gráðu frá Babson College í Boston í Bandaríkjunum.

Stefán var kosinn í stjórn Landsnets 28. mars 2025 og hefur engin hagsmunatengsl við félagið eða helstu viðskiptavinum þess.

Varamenn í stjórn eru Ásta Sóllilja Guðmundsdóttir og Einar Þorsteinsson og voru þau bæði kosin varamenn á aðalfundi 28. mars 2025.

Í stjórn félagsins sitja þrír karlmenn og tvær konur og í varastjórn er ein kona og einn karlmaður. Stjórn Landsnets hf. uppfyllir því skilyrði 63. gr. laga um hlutafélög um að hlutfall hvors kyns í stjórn skuli ekki vera lægra en 40%.

Stjórnin hélt 17 fundi á árinu 2025. Stjórnin var fullskipuð á öllum fundum fyrir utan tvo fundi.

Forstjóri og framkvæmdastjórn Landsnets

Starfsskyldur forstjóra

Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins. Hann fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum félagsins sem ekki eru falin öðrum skv. lögum nr. 2/1995 og samþykktum félagsins. Forstjóri er í forsvari fyrir rekstri félagsins í samræmi við reglur eða ákvarðanir stjórnar, samkvæmt samþykktum þess og lögum. Forstjóri ritar firma félagsins og hefur prókúru fyrir það. Forstjóra er heimilt að veita öðrum starfsmönnum félagsins umboð til að fara með afmarkaðar heimildir starfsskyldna sinna að fengnu samþykki stjórnar félagsins.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Forstjóri ber ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættum sem starfseminni fylgja. Honum ber að viðhalda skipuriti sem skýrt tilgreinir ábyrgðarsvið, heimildir starfsfólks og boðleiðir innan félagsins. Forstjóri skal móta markmið fyrir innra eftirlit í samráði við stjórn félagsins og fylgjast með því að það eftirlitskerfi sé skilvirkt. Forstjóri undirbýr fundi stjórnar ásamt formanni hennar og gefur stjórninni reglulega skýrslu um störf og hag félagsins.

Á árinu 2025 lét Guðmundur Ingi Ásmundsson af störfum sem forstjóri Landsnets og Ragna Árnadóttir tók við þann 1. júlí.

Ragna Árnadóttir, forstjóri

Ragna er fædd árið 1966. Hún er lögfræðingur að mennt, með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands, auk þess að vera með LL.M. gráðu í Evrópurétti frá Háskólanum í Lundi. Ragna á að baki fjölbreytta starfsreynslu. Hún starfaði áður sem skrifstofustjóri Alþingis, hjá Norðurlandaráði og í ráðuneytum. Þá hefur hún gegnt embætti dóms- og kirkjumálaráðherra og síðar embætti dómsmála- og mannréttindaráðherra og var aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar í átta ár. Samhliða þessum störfum hefur Ragna gegnt margs konar ábyrgðar- og trúnaðarstörfum. Hún hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptavini né við hluthafa félagsins. Ragna hóf störf sem forstjóri Landsnets þann 1. júlí 2025.

Framkvæmdastjórn Landsnets hf. skipa, auk forstjóra:

Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjármála og árangurs og staðgengill forstjóra

Guðný Björg Hauksdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs og umbóta

Jóhannes Þorleiksson, framkvæmdastjóri upplýsingagreindar og -tækni

Nils Guðavsson, framkvæmdastjóri eigna og reksturs

Svandís Hlín Karlsdóttir, framkvæmdastjóri viðskipta- og kerfisþróunar

Þorvaldur Jacobsen, framkvæmdastjóri kerfisstjórnunar

Endurskoðunarnefnd

Stjórn félagsins skipar í endurskoðunarnefnd. Í núverandi endurskoðunarnefnd Landsnets hf. sitja:

Margret G. Flóvenz, endurskoðandi, formaður.

Kristján Arinbjarnar, stjórnarmaður Landsnets hf.

Ruth Elfarsdóttir, stjórnarmaður Landsnets hf.

Endurskoðunarnefnd Landsnets hf. hefur sett sér starfsreglur og er hlutverk hennar skilgreint í þeim en þar segir: Endurskoðunarnefnd skal meðal annars hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, innri endurskoðun ef við á og áhættustýringu.
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og annarra fjárhagsupplýsinga félagsins.
- Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis félagsins og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.

Þá gerir nefndin tillögur að úrbótum og tekur til umfjöllunar mál að beiðni stjórnar. Endurskoðunarnefnd setur fram tillögu til Ríkisendurskoðunar um löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki fyrir félagið ár hvert en Ríkisendurskoðun leggur fram endanlega tillögu fyrir aðalfund félagsins.

Nefndin hélt 8 fundi á árinu 2025 og var nefndin fullskipuð á þeim öllum.

Starfskjaranefnd

Stjórn Landsnets hf. fer með hlutverk starfskjaranefndar og hefur samþykkt starfskjarastefnu fyrir félagið. Starfskjarastefnan var samþykkt á aðalfundi félagsins 28. mars 2025. Starfskjarastefnan er aðgengileg á heimasíðu félagsins. Málefni tengd starfskjaranefnd eru tekin fyrir á stjórnarfundum þegar við á.

Viðauki 2 - Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Hlutverk, stefna og viðskiptalíkan

Hlutverk Landsnets er að tryggja hagkvæma uppbyggingu og rekstur flutningskerfis raforku en örugg og ótrufluð afhending raforku er ein af meginstoðum nútímasamfélags.

Landsnet er hlutafélag sem annast flutning raforku og stýringu raforkukerfisins samkvæmt lögum nr. 75/2004 um stofnun Landsnets hf. Félagið er undir eftirliti Raforkueftirlitsins sem einnig hefur það hlutverk samkvæmt 12. gr. raforkulaga að ákveða leyfðar tekjur félagsins vegna sérleyfisstarfseminnar, svokölluð tekjumörk. Tekjumörkin eru ákveðin fyrir fram til fimm ára í senn, fyrir flutning til stórnótenda annars vegar og dreifiveitna hins vegar. Gjaldskrá félagsins fyrir raforkuflutning byggir á tekjumörkum og áætlunum um raforkuflutning og aflþörf. Félagið innheimtir einnig gjald af notendum fyrir annars vegar þá raforku sem tapast í kerfinu svokölluð flutningstöp og hins vegar fyrir þjónustu sem snýr að stýringu kerfisins, svokallaða kerfisþjónustu. Tekjur félagsins fyrir flutningstöp og kerfisþjónustu eru byggðar á kostnaðarverði þjónustunnar auk leyfðar álagningar. Gjaldskrár félagsins eru undir eftirliti Raforkueftirlitsins.

Núverandi stefna Landsnets byggir á hlutverki félagsins og framtíðarsýn. Stefnan birtist í stefnuáherslum sem hafa verið leiðarljós í starfsemi félagsins. Kjarninn í sýn Landsnets hefur verið „Rafvædd framtíð í takt við samfélagið“ og tekur mið af því að nútímasamfélög reiða sig í æ ríkari mæli á örugga afhendingu raforku. Nauðsynlegt er því að treysta rekstur flutningskerfis raforku til að takast á við breyttar þarfir og til að tryggja örugga orku til fyrirtækja og almennings í landinu. Félagið leggur áherslu á virðishugsun í stefnuáherslum sínum og eru verkefni metin út frá tryggu afhendingaröryggi og hagkvæmni en einnig er horft til lágmörkunar umhverfisáhrifa og hámmörkunar nýtingar fjárfestinga og auðlinda fyrir viðskiptavinum og samfélagið í heild.

Skýr stefna er lykilþáttur í árangursríkum rekstri fyrirtækja. Á seinni hluta árs 2025 hófst stefnumótunarvinna þar sem ætlunin er að sameina reynslu og þekkingu starfsfólks, þarfir viðskiptavina og væntingar eigenda í stefnu sem gefur Landsneti styrkan grunn að standa á í ákvarðanatöku til framtíðar. Áætlað er að ný stefna Landsnets líti dagsins ljós á vormánuðum 2026.

Landsnet hefur gefið út sjálfbærnistefnu og unnið að kortlagningu á sjálfbærniáhættum félagsins. Til þess var nýtt tvíþátta mikilvægisgreining, sem var fyrst unnin árið 2023. Á árinu 2025 var mikilvægisgreiningin rýnd og endurmetin út frá mikilvægum þáttum og breytingum í alþjóðaumhverfinu og í kjölfarið voru sjálfbærniáhættur einnig endurmetnar.

Mikilvægir innviðir fyrir samfélagið


Flutningskerfi raforku telst til lykilinnviða í landinu. Straumleysi getur verið víðtækt og haft miklar afleiðingar fyrir heimili, atvinnulíf og starfsemi annarra mikilvægra innviða eins og fjarskipta.

Mikilvægt er að flutningskerfið tryggi almenningi aðgengi að öruggri orku og anni jafnframt flutningi á þeirri raforku sem markaðsaðilar hafa viðskipti með á hverjum tíma í því magni og af þeim gæðum sem samið er um. Ein af lykilstefnuáherslum félagsins er að vinna fyrir samfélagið með það að markmiði að tryggja öryggi afhendingar á raforku. Samkvæmt reglugerð 1048/2004 skal félagið setja sér markmið um gæði raforku og afhendingaröryggi. Skilgreind eru þrenn mælanleg markmið og náðust þau öll á árinu 2025, sjá töflu 1. Markmiðin eru:

- Stuðull um rofið álag (SRA) þar sem markmið félagsins fyrir árið 2025 var að vera undir 0,85 MW/MWár.
- Stuðull um meðallengd skerðingar, straumleysismínútur á ári (SMS) þar sem markmið félagsins fyrir árið 2025 a fara ekki yfir 50 mínútur.
- Kerfismínútur (KM) þar sem markmið félagsins fyrir árið 2025 var að engin truflun væri yfir 10 kerfismínútur.

Félagið er auk þess með skilgreindan fyrirtækjamælikvarða um afhendingaröryggi og metur hann hlutfall þess tíma sem kerfið er í rekstri og afhending tryggð. Markmið félagsins fyrir árið 2025 var 99,9905% afhendingaröryggi og náðist það markmið, sjá töflu 1 á næstu blaðsíðu.

Tafla 1:



Landsnet ber ábyrgð á rekstri og stýringu flutningskerfisins og sér til þess að alltaf sé jafnvægi á milli raforkunotkunar og raforkuvinnslu. Hlutverk kerfisstjórnunar er að samræma viðbragðsáætlanir um rof rekstrareininga sem hafa áhrif á rekstur raforkukerfisins, stýra kerfisuppbyggingu eftir að rekstrartruflanir hafa átt sér stað, skerða álag hjá notendum ef þörf krefur og bregðast við flutningstakmörkunum. Stjórnstöð Landsnets er ávallt á vaktinni og er mönnum allan sólarhringinn. Í almennum rekstri kerfisins er lögð áhersla á reglubundið viðhald og gott viðbragð. Einnig er lögð áhersla á náð samstarf við viðskiptavinum ef truflanir verða.

Félagið hefur verið til skiptis á óvissustigi, hættustigi og neyðarstigi nær sleitulaust undanfarin ár vegna jarðhræringa á Reykjanesi. Eftir sjö eldgos á árinu 2024 héldu jarðhræringar áfram á fyrri hluta árs 2025 þegar eldgos hófust í byrjun apríl annars vegar og miðjan júlí hins vegar. Landsnet er ekki með verulegar eignir á þessu svæði og í hvorugu eldgosinu ógnaði hraunrennsli möstrum í Svartsengislínu, sem tengir orkuvirkni í Svartsengi við meginflutningskerfið. Landsnet hefur tekið virkan þátt í að verja og endurbyggja innviði á svæðinu því félagið er bæði hluti af neyðarstjórnun raforkukerfisins og samhæfingarstöð Almannavarna og verði framhald á jarðhræringum á næstu árum, er félagið með viðbragðsáætlun fyrir varnir og að halda raforkukerfinu gangandi.

Á grundvelli almannavarna og samfélagslegrar ábyrgðar hefur Landsnet tekið þátt í öflun varaafis fyrir svæðið, flutt og reist mannvirki í umboði Almannavarna til að tryggja afhendingu raforku á svæðinu.

Stefna félagsins er að framkvæmdir séu í sátt við samfélagið og lögð hefur verið áhersla á upplýsingagjöf og samtal við hagaðila. Starfandi er á vegum félagsins hagsmunaráð til að skapa samráð á víðtækum grunni og vettvang umræðna milli hagaðila í samfélaginu um uppbyggingu raforkukerfisins. Ráðinu er ætlað að vera ráðgefandi fyrir Landsnet og vettvangur til að ræða stefnu, áætlanir og greiningar Landsnets með tilliti til þarfa og framtíðaráskorana samfélagsins og hagaðila. Fulltrúar 19 hagaðila hafa setu í ráðinu auk formanns sem skipaður er af umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytinu. Nánari lýsing og tilhögun er birt á heimasíðu Landsnets.

Sett eru af stað verkefnaráð í stærri svæðisbundnum fjárfestingaverkefnum. Þar koma helstu hagsmunaaðilar, fyrir utan landeigendur, saman með reglulegu millibili. Þá hafa einnig verið haldnir upplýsinga- og samráðsfundir með landeigendum. Markmiðið er að skapa vettvang til að tryggja virkara samtal samhliða því að auka skilning og upplýsingaflæði milli hagsmunaaðila í aðdraganda ákvarðana um framkvæmdir á vegum Landsnets. Horft er til hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri flutningskerfisins viðskiptavinum og almenningi til hagsbóta.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

Á árinu 2025 voru Vestmannaeyjastrengir 4 og 5 milli Rimakots og Vestmannaeyja, teknir í rekstur ásamt Rimakotslínu 2 milli Hellu og A-Landeyja. Með lagningu strengjanna var afhendingaröryggi til Vestmannaeyja aukið til muna.

Einnig voru nýframkvæmdir á árinu tengdar almennri uppbyggingu og styrkingu flutningskerfisins. Þar er meðal annars ný tengivirki við Breiðadal í Öndarfirði og við Vegamót á Snæfellsnesi. Þá var lokið við lagningu nýs jarðstrengs inn í Kópaskerslínu 1 sem tengir Kópasker við meginflutningskerfið.

Félagið leggur áherslu á góða þjónustu við núverandi og verðandi viðskiptavinir félagsins. Núverandi viðskiptavinir félagsins eru tiltölulega fáir, enda um heildsölurekstur að ræða. Í því skyni er ánægja með þjónustu félagsins mæld árlega. Langtímamarkmið er að ná einkunninni 4,2 á skalanum 1-5. Einkunnin fyrir árið 2025 lækkaði á milli ára og mældist 3,7 en var 3,9 fyrir árið 2024. Markmið um ánægju viðskiptavina náðist því ekki á árinu.

Áhættur í rekstri og uppbyggingu

Flutningskerfi raforku er einn af mikilvægustu innviðum samfélagsins og með það að leiðarljósi vinnur félagið að því að tryggja samfelldan rekstur. Félagið er með virkar viðbragðsáætlanir í rekstrinum og er í miklu og góðu samstarfi við Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra vegna viðbragða í vá. Félagið hefur innleitt stjórnunarkerfi og verklag til að tryggja samfelldan rekstur og byggt upp viðbragðsáætlanir er varða rekstur félagsins. Unnið var eftir þeim áætlunum og þær aðlagðar eftir því sem við á.

Á undanförunum árum hefur félagið unnið markvisst að því að byggja styrkari stoðir undir áhættumat í rekstri og uppbyggingu, meðal annars í gegnum áætlanir um samfelldan rekstur. Stjórnendur og lykilstarfsfólk Landsnets auðkenna fjárhagslega og ófjárhagslega áhættu félagsins og leggja mat á mikilvægi hennar. Áhættuskrá félagsins er notuð til að ákvarða aðgerðir til að stýra eða draga úr áhættu. Stuðst hefur verið við ÍST ISO31000 staðalinn við þessa vinnu.

Í rekstri raforkukerfisins eru til staðar viðbragðsáætlanir vegna stærri atburða sem geta sett rekstur félagsins í hættu, svo sem vá vegna óveðurs, jarðskjálfta, eldgosa, heimsfaraldurs, netárása, truflana o.s.frv. Viðbragðsáætlunum er einnig viðhaldið í rekstri og fyrir hvert svið.

Viðbragðsæfingar vegna straumleysis og náttúruhamfara eru haldnar reglulega og eru þær iðulega gerðar í samstarfi við bæði viðskiptavinir og aðra lykilhagaðila. Landsnet er í forsvari fyrir NSR, Neyðarsamstarf raforkukerfisins, sem er samvinnuvettvangur vinnslufyrirtækja, flutningsfyrirtækis, dreifiveitna, stórnotenda og opinberra aðila á Íslandi vegna vár sem steðjar að vinnslu, flutningi eða dreifingu raforku og / eða stórnotendum. Forstjóri Landsnets á sæti í almannavarna- og öryggismálaráði samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 82/2008, um almannavarnir.

Á undanförunum árum hefur félagið staðið frammi fyrir aukinni áhættu vegna óveðra og eldsumbrota. Félagið vinnur náið með Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og er starfsmaður Landsnets fulltrúi í teymi Almannavarna þegar þannig háttar til. Landsnet fylgist mjög vel með þessum atburðum og metur viðbragð gagnvart þeim hverju sinni. Landsnet er með víðtækar viðbragðsáætlanir vegna slíkra atvika og vinnur, á öllum stigum, náið með sérfræðingum á sviði náttúruvár og veðurs.

Eftir miklar jarðhræringar og tíð eldgos á árinu 2024 dró heldur úr á árinu 2025 en tvisvar urðu eldgos, í byrjun apríl og um miðjan júlí. Ekkert tjón varð á eignum Landsnets vegna eldgosa á árinu. Þrátt fyrir að ekkert eldgos varð á seinni hluta árs 2025 er svæðið áfram undir eftirliti jarðvísindamanna.

Unnið hefur verið áhættumat fyrir loftslagsáhættur m.t.t. allra mannvirkja Landsnets, þ.e. tengivirkja, háspennulína og jarðstrengja. Byggt er á mismunandi sviðsmyndum sem sýndu að loftslagsáhættur hafi í flestum tilfellum ekki veruleg áhrif á starfsemi Landsnets. Í þremur tilfellum var metið að loftslagsáhættur gætu haft áhrif á mannvirki sem kalla á viðbragðsáætlanir sem fela til dæmis í sér efnisval á línunum og tengivirkjum, staðarvali lína, yfirbyggingu tengivirkja og tilfærslum jarðstrengja. Áhættumat fyrir mannvirki Landnets er mikilvægur þáttur í framtíðaruppbyggingu kerfisins, viðhaldsáætlunum og nýtist í mati á umhverfisáhrifum og við staðarval mannvirkja framtíðarinnar.

Á Landsneti hvílir skýr lagaskylda um að byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, gæða raforku og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Áform um uppbyggingu raforkuflutningskerfisins eru sett fram í kerfisáætlun þar sem framkvæmdir eru metnar út frá ýmsum þáttum sem meðal annars fela í sér áhrif á viðskiptavinir, umhverfi og nærsamfélag.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

Uppbygging raforkukerfisins og endurbætur hafa tafist í nokkrum verkefnum undanfarin ár og hefur félagið skilgreint áhættur er snúa að leyfisveitingum. Undirbúnings- og framkvæmdaferlið er langt og framleiðsla íhluta og afhending til framkvæmda getur tekið nokkur ár. Í leyfisveitingaferlinu er opin kæruleið allt til enda eða þar til framkvæmdaleyfi hefur verið gefið út. Sveitarfélög gefa út framkvæmdaleyfi til eins árs og er því ekki sótt um það fyrr en komið er að framkvæmdatíma.

Landsnet hefur lagt mikið upp úr því að vinna í sátt við samfélag og umhverfi. Eins og áður hefur komið fram, þá er í undirbúningi framkvæmda unnið með nærsamfélaginu í verkefnahópum (verkefnaráði) og fundað reglulega með hagsmunaráði sem samanstendur af mikilvægum hagaðilum í þjóðfélaginu. Landsnet telur mikilvægt að tryggja aðkomu allra hagaðila snemma að málum og að tekist sé á um mismunandi viðhorf á þeim vettvangi. Mikilvægt er að reyna að samræma verklagið og tryggja að unnið sé úr ágreiningi sem fyrst í ferlinu.

Aðfangakeðjan og áhrif heims mála

Aðfangakeðjan er óaðskiljanlegur hluti af rekstri Landsnets og mikilvægt að birgjar veiti sínu starfsfólki sanngjörn starfskjör, öruggt vinnuumhverfi og beri virðingu fyrir mannréttindum. Verklagsreglur og mælikvarðar hafa verið innleiddir til að greina stöðu sjálfbærnimála, fylgjast með framförum og efla gagnsæi í samvinnu við birgja. Á árinu 2025 hóf Landsnet vinnu við að auka kröfur til birgja og innleiða staðlað birgjamat og er fyrirhugað að auka kröfur enn frekar í því mati á milli ára.

Breytingar á heimsmynd alþjóðaviðskipta þar sem setning tolla á ýmsar vörur munu valda þrýstingi á aðfangakeðjur heimsins þar sem þegar gerðir samningar gætu farið í uppnám, bæði hvað varðar verð og afhendingartíma.

Félagið fylgist vel með gangi mála og metur áhrif hækkandi verðlags og breytinga í aðfangakeðju á framtíðarfjárfestingar félagsins. Landsnet mun í sínum ákvörðunum ætíð forgangsraða og aðlaga fjárfestingaáætlanir að fjárhagslegri getu félagsins og áhrifum á gjaldskrá.

Stjórnunarkerfi

Landsnet leggur áherslu á umbótastarf og er lögð áhersla á ferlavæðingu og að einfalda stjórnunarkerfið til að auka skilvirkni í rekstri félagsins í heild með áherslu á meðal annars þjónustu við viðskiptavinum. Stuðst er við alþjóðlega stjórnunarstaðla og að uppfylla viðeigandi kröfur, bæði lagalegar og aðrar sem tengjast rekstrinum. Landsnet er með vottað stjórnunarkerfi samkvæmt ISO 9001:2015 gæðastjórnunarstaðli, ISO 14001:2015 umhverfisstjórnunarstaðli, ISO 45001:2018 öryggisstjórnunarstaðli, ISO 27001:2022 upplýsingaöryggisstaðli, rafmagnsöryggi (RÖSK) og ÍST 85:2012 jafnlaunastaðli. Stjórnunarkerfið er vottað árlega af BSI (British Standards Institution).

Í rekstri félagsins eru gerð áætlanir, áhættumat gert og viðhaft eftirlit með áhættum og viðbragðsáætlunum til að tryggja samfelldan rekstur. Stýring áhættu er meðal annars með stýrðum ferlum sem lýsa rekstri félagsins og vinnulagi sem lagt er upp með til að tryggja að þörfum og væntingum hagaðila sé mætt. Stöðugar umbætur og eftirfylgni ná til alls rekstursins þar sem stuðst er við alþjóðlega stjórnunarstaðla og kröfur, bæði lagalegar og samfélagslegar væntingar sem tengjast rekstrinum.

Sjálfbærni og umhverfismál

Árs- og sjálfbærnisráðgjafi Landsnets er gefin út og birt á heimasíðu Landsnets www.landsnet.is, samhliða birtingu ársreikningsins. Við gerð sjálfbærnisráðgjafa Landsnets voru kröfur í stöðlum Evrópusambandsins (ESRS) hafðar til hliðsjónar en unnið var út frá einfölduðum ESRS-staðli samkvæmt uppfærðum drögum (exposure drafts). Ítarlegri umfjöllun um sjálfbærnimál er í sjálfbærnisráðgjafi.

Landsnet er með sjálfbærnistefnu sem unnin var með ESRS staðla, heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og ISO vottanir til hliðsjónar. Megináherslur sjálfbærnistefnunnar eru málefni sem varða samfélagi, ábyrga starfshætti og umhverfi. Áherslur félagsins koma fram í eftirfarandi þremur meginþáttum:

Samfélag

- Landsnet fylgir eftir mannauðs- og mannréttindastefnu og jafnlaunavottun til að vinna gegn kynbundnum launamun. Lögð er áhersla á jafnrétti, fjölbreytni, öryggi, uppbyggingu þekkingar, starfsánægju og velsæld starfsfólks.
- Landsnet leggur áherslu á opið og gagnsætt samtal við hagaðila og nærsamfélag, byggt á samráði og upplýsingagjöf.
- Flutningskerfið gegnir lykilhlutverki í nýtingu og samkeppnishæfni endurnýjanlegrar raforku í landinu sem er nauðsynleg forsenda orkuskipta og styður þannig við skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

Samfélag frh.:

- Landsnet styður við rannsóknir, nýsköpun og þróun í samstarfi við orkugreinina og háskóla- og nýsköpunarsamfélagið.

Ábyrgir stjórnarhættir

- Landsnet leggur ríka áherslu á viðskiptasiðferði og áhættustýringu með áherslu á trausta stjórnarhætti, sjálfbærni og ábyrgð í virðiskeðjunni.
- Með hagkvæmum rekstri og skynsamlegum fjárfestingum stuðlar Landsnet að framförum gagnvart atvinnulífinu og fólkinu í landinu.
- Landsnet er með ISO-vottað stjórnunarkerfi sem eykur skilvirkni, gæði og stöðugar umbætur í allri starfsemi fyrirtækisins.

Umhverfi

Landsnet vinnur markvisst að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og fylgir eftir stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum. Hjá Landsneti eru raforkumál loftslagsmál og gegna lykilhlutverki í orkuskiptum þjóðarinnar. Landsnet umgengst auðlindir náttúrunnar með varfærum hætti við uppbyggingu og rekstur mannvirkja. Ávallt er horft til þess hvernig lágmarka megi neikvæð áhrif á auðlindir, líffræðilegan fjölbreytileika og vistkerfi í ákvarðanatöku og framkvæmdum. Lögð er áhersla á góðan frágang í lok framkvæmda þar sem nýttur er jarðvegur og gróður sem lögðust til með framkvæmdinni. Umhverfisúttektir eru framkvæmdar reglulega. Einnig er vöktun viðhöfð á sérstökum þáttum lífríkis, sér í lagi þeirra sem njóta verndar.

Landsnet vinnur að sjálfbærri auðlindanýtingu, endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs og ábyrgri meðferð hættulegra efna með það að markmiði að stuðla að hringrásarhagkerfi.

Félaginu er umhugað um að minnka sýnileika raforkumannvirkja sem tengjast flutningskerfinu. Sérstaklega hefur verið horft til þess við hönnun nýrra tengivirkja og umhverfis þeirra að halda sýnileika mannvirkjanna í lágmarki og það haft að markmiði að mannvirkin falli sem best að aðliggjandi umhverfi.

Markmið Landsnets eru í takt við stefnu stjórnvalda um að draga úr losun CO₂ fyrir árið 2040 og markmið Parísarsamningsins um að halda hlýnun innar við 1.5°C.

Einn lykilmælikvarði félagsins er kolefnislosun. Mælikvarðar og markmið hafa verið sett til að fylgjast með þróun losunar og hefur félagið sett sér markmið um kolefnishlutleysi árið 2040. Við útreikninga á kolefnisspori við rekstur félagsins er notuð aðferðafræði Green House Gasprotocol, þar sem losunarþættir eru greindir og þeir flokkaðir í umfang 1, sem er bein losun frá rekstrinum, umfang 2 og umfang 3 sem ná yfir óbeina losun félagsins. Árið 2025 var losun í umfangi 1 5.275 tonn en var 2.777 árið 2024. Náðist því ekki markmið félagsins að vera undir 3.127 tonnum í kolefnislosun í umfangi 1. Ítarlegri upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda og umbreytingaáætlun til að draga úr loftslagsáhrifum má finna í árs- og sjálfbærnisráðgjafu félagsins á heimasíðu Landsnets www.landsnet.is.

Öryggismál

Félög sem starfa samkvæmt vottuðum stjórnunarstöðlum vinna sífellt að umbótum og eru líklegri en önnur félög til að ná árangri í starfsemi sinni. Staðlarnir styðja kerfisbundið við örugga starfsemi og skilvirka verkferla með það að markmiði að auka, gæði og þjónustu um leið og persónuöryggi starfsfólks verður meira. Að sama skapi er lagður grunnur að auknu öryggi hjá Landsneti með aðgangsstýringum að gögnum og rýmum.

Landsnet er með öryggishandbók og verkferla í stjórnunarkerfi félagsins og vinnur eftir þeirri grunnreglu sem sett er fram þar, að ekkert skiptir meira máli en persónuöryggi starfsfólks, þjónustuaðila og verktaka, þar sem dregin er fram lærdómur og breytingar innleiddar við hvert atvik sem eiga að koma í veg fyrir að sambærileg atvik geti endurtekið sig. Er það stefna Landsnets alla daga að skapa heilbrigðan vinnustað og fyrirtækjamenningu sem styður starfsfólk í að leggja sitt af mörkum til að koma í veg fyrir slys og stuðla að vellíðan í starfi.

Á árinu 2025 byggði Landsnet öryggisáherslur á fjórum meginstöðum:

1) Öryggismenningu sem styrkt var með markvissri fræðslu, reglulegum rötargreiningum, innleiðingu nýrra verkefna og HOP-aðferðafræðinnar, með það að markmiði að styðja við núll-slys stefnu félagsins. Núll-slys stefnan eða svokallað H-gildi er einn af lykilmælikvörðum félagsins í slysafíðni sem er mældur árlega. H - gildið er skandinavískur mælikvarði sem metur tíðni fjarveruslysa að teknu tilliti til stærðar og heildar vinnustunda fyrirtækja. Fjarveruslys eru þau vinnuslys sem valda fjarveru starfsfólks frá vinnu. Markmið félagsins er ætíð að vera án fjarveruslysa og náðist það á árinu 2025 en á árinu 2024 var eitt fjarveruslys.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

2) Stjórnun raunlægs öryggis sem var hert, meðal annars með endurnýjun CCTV-kerfa, tryggari læsingum, rýmingaræfingum, bættum verkferlum og strangari aðgangsstýringu þar sem starfsstöðvum og húsnæði er skipt niður í mismunandi öryggissvæði og aðgangi stýrt eftir eðli og áhættu á hverju svæði fyrir sig.

3) Öryggi starfsmanna og verktaka sem var eftt með aukinni þjálfun, skýrara verklagi og meiri nærveru öryggismála í daglegum rekstri. Þjálfun starfsfólks Landsnets í öryggismálum tekur mið af þeim áhættuþáttum sem starfsfólk er útsett fyrir hverju sinni og taka m.a. mið af áhættum í framkvæmdum og rekstrarverkefnum.

4) Netöryggi og innviðavarnir hafa verið samþætt betur við raunlægt öryggi í ljósi breyttrar öryggisstöðu, með áherslu á NIS2 (Network and Information Security tilskipun Evrópusambandsins), öflugar viðbragðsáætlanir og samvinnu við NSR, CERT-IS og stjórnvöld. Netöryggismál eru mikilvægur þáttur í starfsemi Landsnets þar sem netöryggisógnin fer vaxandi. Landsnet hefur jafnt og þétt aukið viðbúnað vegna netöryggisóгна á flestum sviðum. Áframhaldandi aukin áhersla er lögð á netöryggi iðntölvakerfa þá sérstaklega með innleiðingu stafrænna tengivirkja og er sérstakur hópur starfandi innan Landsnets sem kemur að hönnun öryggismála.

Mikið samstarf er milli Landsnets og orkufyrirtæki hinna Norðurlandanna í netöryggismálum. Þá er einnig gott samstarf með orkuflutningsfyrirtækjum í Evrópu á sviði öryggismála á vegum ENTSO-E (European Network of Transmission System Operators for Electricity) á sviði netöryggismála.

Landsnet er með vottun á stjórnkerfi upplýsingaöryggis (ISO27001:2013) og gengst árlega undir vottun til að styrkja félagið enn frekar í vegferðinni að áhættumiðaðri stjórnun upplýsingaöryggis.

Mannauðsmál

Landsnet leggur áherslu á að skapa jákvæða og uppbyggilega fyrirtækjamenningu með sterkri liðsheild. Félagið leggur áherslu á að samskipti, bæði innan og utan Landsnets, einkennist af gildum Landsnets, ábyrgð, samvinnu og virðingu. Til að það náist þurfa starfsfólk og stjórnendur að stuðla að opnum og hreinskilnum skoðanaskiptum og öflugri miðlun upplýsinga. Stefnur félagsins miða að því að skapa eftirsóknarverðan og öruggan vinnustað, þar sem mannréttindi, jafnrétti og vellíðan starfsfólks eru í forgrunni. Einnig byggjast stefnur og aðgerðir á niðurstöðum tvíþátta mikilvægisgreininga, en skv. þeim eru heilsa, öryggi og vellíðan starfsfólks, ásamt hæfnipróun og jafnrétti, lykilþættir í rekstri félagsins. Þessir þættir hafa áhrif bæði á samfélagið sem og á árangur fyrirtækisins og með það að leiðarljósi hafa verið settar fram skýrar aðgerðaáætlanir og mælikvarðar til að tryggja að stefnur okkar í mannauðsmálum endurspegli þessa þætti.

Einn af lykilmælikvörðum félagsins er helgun starfsfólks, sem vísar til tilfinningalegrar tengingar starfsfólks við vinnustaðnum, virkni þess og áhuga starfi. Helgun er mæld í árlegri Q12 vinnustaðakönnun þar sem mældar eru aðstæður og líðan starfsfólks. Könnun er lögð fyrir allt fastráðið starfsfólk og er framkvæmd af óháðum fagaðila. Svör eru mæld á fimm punkta kvarða, þar sem markmið félagsins er að ná yfir 4,4 í helgun starfsfólks. Einkunn yfir 4,2 á skalanum telst vera styrkleiki. Á árinu 2025 mældist helgun starfsfólks 4,16 sem er lægra en markmið félagsins en hækkan frá árinu áður þegar hún mældist 4,04.

Í mannauðs- og mannréttindastefnu eru lagðar línur varðandi áherslur í jafnréttis- og mannauðsmálum. Áhersla er lögð á fjölbreyttan vinnustað og jöfn tækifæri óháð uppruna, kyni, aldri eða öðrum þáttum. Unnið er markvisst að vellíðan starfsfólks með heilsuefingu, reglulegri eftirfylgni og skýrum viðbragðsáætlunum gegn einelti, áreitni og ofbeldi.

Ráðningaferli eru fagleg og gagnsæ til að tryggja sanngirni og óhlutdrægni og tryggja jöfn kjör og jafnlaun fyrir sömu eða jafnverðmæta vinnu. Á grundvelli starfskjarastefnu býður félagið starfsfólki sanngjörn og samkeppnishæf laun sem eru í takt við sambærileg félög á markaði en er þó ekki leiðandi. Launastefna félagsins byggir á jafnlaunakerfi ÍST 85.

Við jafnlaunaúttekt á árinu 2025 var óútskýrður kynbundinn launamunur enginn en frávík teljast óveruleg, aðeins 0,8% körlum í vil. Jafnréttismál eru mikilvæg innan félagsins og jafnréttisnefnd hefur verið virk. Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með jafnréttisáætlun félagsins og fylgja markmiðum hennar en að auki að standa fyrir fræðslu um jafnréttismál, veita stuðning við verkefni jafnréttisáætlunarinnar í samvinnu við mannauðsstjóra og kynna niðurstöður jafnréttismála.

Félagið fylgi lögum um kjarasamninga og tryggir að allt starfsfólk njóti réttinda og hlunninda sem samningarnir kveða á um. Án undantekningar heyrir allt starfsfólk okkar undir kjarasamninga sem tryggir öll lagaleg réttindi en 92% starfsfólks er í stéttarfélögum.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

Einn af jafnréttisvísium Landsnets er að reikna út ákvörðunarvald kvenna hjá félaginu. Ákvörðunarvald kvenna í fyrirtækjum vísar til þess hversu mikla stjórn, áhrif og völd konur hafa við stefnumótun, ákvarðanatöku og stjórnun innan fyrirtækis. Ákvörðunarvald kvenna (forstjóri, framkvæmdastjórn, millistjórnendur) hjá Landsneti árið 2025 er 44%, hefur hækkað úr 40%. Jafnréttisáætlun fyrir árin 2023-2026 var gefin út árið 2023 og samþykkt af Jafnréttisstofu.

Spillingar-, mútu- og mannréttindamál

Landsnet hefur samþykkt siðareglur þar sem skilgreind eru viðmið og reglur varðandi fjármál, trúnað, hagsmuni, samkeppni og hömlur, umhverfisvernd, notkun á eignum félagsins og fylgni við reglurnar. Siðareglurnar eru aðgengilegar starfsfólki í stjórnunarkerfi félagsins og þarf starfsfólk að staðfesta lestur á þeim. Landsnet sýnir samfélagslega og siðferðislega ábyrgð í innkaupum með því að gera ríkar kröfur til starfsfólks og birgja við framkvæmd innkaupa.

Innkaupaferli eru hluti af stjórnunarkerfi félagsins til að tryggja að verklag sé í samræmi við lög og reglur sem gilda um innkaup Landsnets. Félagið hefur innleitt almenna birgjaskilmála þar sem gerðar eru grunnkröfur til birgja félagsins og ítarlegt birgjamat fyrir birgja sem afhenda vörur, þjónustu eða inna af hendi verk fyrir raforkukerfið. Hægt er að nálgast almenna birgjaskilmála og siðareglur birgja á heimasíðu félagsins www.landsnet.is

Félagið vinnur út frá þeirri sýn að tryggja réttindi starfsfólks síns og þjónustuaðila, einkum hvað varðar starfsaðstöðu, heilsu og öryggi og viðeigandi kjör. Landsnet gerir kröfu til þess að öll sem vinna fyrir félagið, einnig þau sem vinna óbeint fyrir það, njóti réttinda og kjara í samræmi við kjarasamninga og lög.

Í útboðum félagsins er mikil áhersla lögð á samfélagsábyrgð og skulu birgjar skila inn yfirlýsingum þess efnis að mannréttindi séu virt og í útboðsgögnum er að finna ákvæði um keðjuábyrgð birgja á því að allt starfsfólk, hvort sem um ræðir starfsfólk birgja, undirverktaka eða starfsmannaleiga, fái laun og starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög þeirrar starfsstéttar sem fellur undir þeirra starfssvið. Þá skyldar ákvæðið birgja til að láta í té nauðsynleg gögn til að verkalýðsfélög geti sinnt eftirliti og tryggt rétt starfsfólks. Í birgjaskilmálum er gerð krafa um að birgjar framfylgi lögum og reglum sem gilda um samskipti aðila á vinnumarkaði.

Í mannauðs- og mannréttindastefnu, til viðbótar því sem áður hefur verið nefnt, er lögð áhersla á jafnræði og að allir fái notið mannréttinda, án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Ófjárhagslegir lykilmælikvarðar

Við stefnumótun félagsins fyrir árin 2023-2025 samþykkti stjórn sex lykilmælikvarða. eru þeir settir fram hér saman í töflu en einn þeirra er fjárhagslegur, arðsemi eigin fjár sem einnig er birtur í ársreikningi, en fimm eru ófjárhagslegir sem hafa verið nefndir í texta hér fyrir framan:

Lykilspurningar sem mælikvarðinn á að svara			Mælikvarði
Ábyrgð	Erum við að afhenda örugga orku til viðskiptavina og samfélagsins?	Afhendingaröryggi	
Skilvirkni	Eru viðskiptavinir ánægðir með þjónustuna okkar?	Ánægja viðskiptavina	
Ábyrgð	Erum við að skila þeirri arðsemi til eigenda sem við eigum að gera samkvæmt lögum	Arðsemi eigin fjár	

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

Ábyrgð	Erum við að ná árangri í að minnka losun kolefnis?	Kolefnislosun Umfang 1 (tonn)	3.249	2.592	2.777	5.275	3.127
			2022	2023	2024	2025	2025 markmið
Metnaðarfull	Er starfsfólkið okkar helgað?	Helgun starfsfólks	4,0	4,0	4,0	4,2	4,4
			2022	2023	2024	2025	2025 markmið
Ábyrgð	Erum við að starfa á öruggan hátt?	Slysatíðni H-gildi	0	1	1	0	0
			2022	2023	2024	2025	2025 markmið

Flokkunarreglugerð ESB (e. EU Taxonomy)

Flokkunarreglugerð ESB tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Tilgangur reglugerðarinnar er að skilgreina hvaða atvinnustarfsemi telst vera umhverfislega sjálfbær út frá tæknilegum matsviðmiðum sem framkvæmdastjórn ESB hefur fastsett og á að stuðla að gagnsæi í sjálfbærniupplýsingagjöf. Til þess að fyrirtæki geti talist umhverfislega sjálfbær í skilningi reglugerðarinnar þurfa þau að uppfylla viðmið fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi skv. 3.gr. reglugerðarinnar.

Umhverfismarkmiðin eru sex: mildun loftslagsbreytinga, aðlögun að loftslagsbreytingum, sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda, umskipti yfir í hringrásarhagkerfi, mengunarvarnir og eftirlit með mengun, og vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa. Tæknileg matsviðmið fyrir mildun og aðlögun að loftslagsbreytingum hafa verið innleidd með framseldri reglugerð ESB 2021/2139 og atvinnustarfsemi sem þar er tekin fram fellur undir upplýsingaskyldu á Íslandi en framseld reglugerð ESB 2023/2486 um önnur umhverfismarkmið og framseld reglugerð ESB 2023/2485 um uppfærslu á loftslagsmarkmiðum tóku gildi innan ESB árið 2023 og á Íslandi frá og með 1. janúar 2025.

Gerð er krafa á að fyrirtæki birti hlutfall veltu, fjárfestingagjalda og rekstrargjalda fyrir nýliðið rekstrartímabil á hæfri starfsemi, það er, starfsemi sem fellur undir flokkunarreglugerðina. Að sama skapi skal birta sömu lykilmælikvarða fyrir starfsemi sem uppfyllir öll viðmið reglugerðarinnar og telst vera samræmd starfsemi eða umhverfislega sjálfbær.

Á Íslandi gildir reglugerðin um fyrirtæki sem falla undir skyldu til að skila ófjárhagslegum upplýsingum skv. gr. 66d í ársreikningalögum nr. 3/2006 og er Landsnet þar á meðal.

Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir (e. eligible)

Árið 2023 lagði Landsnet mat á hvaða hluti starfseminnar telst hæfur samkvæmt ákvæðum flokkunarreglugerðarinnar. Niðurstöður leiddu í ljós að flokkur 4.9 Flutningur og dreifing á raforku fellur undir umhverfismarkmiðið mildun loftslagsbreytinga, sem er jafnframt meginstarfsemi Landsnets. Starfseminni er lýst sem: Uppbygging og starfræksla flutningskerfa sem flytja raforku um samtengt kerfi fyrir mjög háa spennu og Engin breyting var á þessari greiningu milli ára.

Starfssemi sem fellur að flokkunarkerfinu (e. aligned)

Til þess að starfsemi teljist samræmd og þar með uppfylla skilyrði flokkunarreglugerðarinnar um að vera umhverfislega sjálfbær þarf hún að vera verulegt framlag (e. substantial contribution) og valda ekki umtalsverðu tjóni (e. do no significant harm), auk þess að uppfylla lágmarks verndarráðstafanir. Kröfurnar eru ítarlegar og ljóst að ef að fyrirtæki vilja gefa það út að viðmiðin séu uppfyllt með góðri samvisku og þannig að þær standist skoðun þarf mikil grunnvinna að hafa átt sér stað. Landsnet lagði í þá vinnu árið 2024 og var sú vinna yfirfarin á

Verulegt framlag (e. substantial contribution) - 4.9 Flutningur og dreifing á raforku (CCM)

Meginstarfsemi Landsnets, flutningur á raforku, uppfyllir kröfur flokkunarreglugerðarinnar um verulegt framlag til mildunar loftslagsbreytinga þar sem starfsemin telst uppfylla tæknileg matsviðmið um að grunnvirki eða búnaður til flutnings í raforkukerfi sem uppfyllir að yfir 67% af nýlega virkjaðri framleiðslugetu í kerfinu er undir viðmiðunargildinu fyrir framleiðsluna sem nemur 100 g CO₂e/kWh, mælt á grundvelli vistferils í samræmi við raforkuframleiðsluviðmiðanir, yfir samfellt fimm ára tímabil. Þetta er starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum (e. enabling). Þá er það stefna Landsnets er að mæta þörfum raforkumarkaðarins til lengri tíma með uppbyggingu á nýrri kynslóð flutningskerfis sem byggir á umhverfisvænum lausnum.

Að valda ekki umtalsverðu tjóni (e. do no significant harm)

Aðlögun að loftslagsbreytingum

Landsnet hefur skilgreint áhættur af loftslagsáhættu vegna breytinga á veðurfari og metið áhætturnar með tilliti til mögulegra aðgerða til að lágmarka afleiðingar. Núverandi áhættur voru metnar með tilliti til loftlags síðustu ára og áhrif þeirra á innviði Landsnets. Sviðsmyndagreining fór svo fram á þróun loftlagsáhættu í framtíðinni miðað við heitustu og köldustu sviðsmyndirnar sem byggir á ágripi fjórðu samantektarskýrslu vísindanefndar um loftlagsbreytingar og sérfræðiþekkingar sjálfbærnitemis KPMG. Áhættumatið var framkvæmt m.t.t. allra mannvirkja Landsnets, þ.e. tengivirkja, háspennulína og jarðstrengja og niðurstaða matsins í núverandi stöðu var að engin loftlagsáhætta hefur veruleg áhrif á starfsemina. Sviðsmyndagreining fyrir svartsýna og bjartsýna sviðsmyndir sýnir að loftslagsáhættur hafa ekki veruleg áhrif á starfsemina en þó sé ástæða til þess að hafa viðbragðsáætlun sem aðlögunaraðgerð í einhverjum tilfellum. Aðlögunaraðgerðir til að bregðast við loftlagsáhættum felast í ákvörðunum sem snúa að efnisvali í línur og tengivirki, staðarvali lína, yfirbyggingu tengivirkja og tilfærslur jarðstrengja sökum jarðsigs. Áhættumat fyrir mannvirki Landsnets er mikilvægur þáttur í framtíðaruppbyggingu kerfisins, viðhaldsáætlana og nýttist í allri vinnu við mat á umhverfis-áhrifum og við staðarval mannvirkja framtíðarinnar.

Áhættumatið er rýnt og yfirfarið reglubundið af stjórnendum félagsins.

Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda

Á ekki við samkv. tæknilegum matsviðmiðum fyrir atvinnustarfsemi 4.9 Flutningur og dreifing á raforku

Umskipti í hringrásarhagkerfi

Sjálfbærnistefna Landsnets tekur með skýrum hætti á sjálfbærri auðlindanýtingu, endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs og ábyrgi meðferð hættulegra efna með það að markmiði að stuðla að hringrásarhagkerfi. Landsnet er með metnaðarfull markmið og aðgerðir til að tryggja að unnið sé samkvæmt stefnu í málaflokknum. Landsnet er með úrgangsstjórnunaráætlun í samræmi við úrgangsprihyrminginn sem miðar að því m.a. að tryggja aðstöðu til sorpflokkunar, tryggja rétta flokkun úrgangs, þar á meðal spilliefna og að honum sé komið til viðurkennds móttökuáðila. Þá er fyrirtækið með ISO 14001 vottun sem styður enn frekar við aðgerðir og árangur í umhverfisstjórnun.

Mengunarvarnir og eftirlit með mengun

Landsnet er með vottun fyrir ISO 14001 umhverfisstjórnunarkerfi og fylgir jafnframt meginreglum í almennum leiðbeiningum Alþjóðalánastofnunarinnar um umhverfi, heilbrigði og öryggi. Öryggis-, heilsu- og umhverfisúttektir eiga sér stað á meðan á framkvæmdum félagsins standa og í lok stórra framkvæmda eru gerðar umhverfisúttektir með ytri aðila. Landsnet hlítir ákvæðum reglugerðar nr. 1290/2015 um háværk geislunar starfsmanna og almenninga vegna starfsemi þar sem notuð er geislun. Í starfsemi Landnets eru ekki notuð fjölkloruð bifeyli.

Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa

Tilskipun Evrópusambandsins um mat á umhverfisáhrifum hefur verið innleidd í íslenska löggjöf, lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Landsnet fylgir þeim kröfum sem gerðar eru um umhverfismat framkvæmda af stjórnvöldum. Verklagsreglur Landsnets gera ráð fyrir að á framkvæmdatíma er haft eftirlit með því að unnið sé skv. boðuðu verklagi í samræmi við skilyrði um slíkt í tilteknu umhverfismati.

Í undirbúningi framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum er lagt upp með að leggja mat á valkosti þar sem m.a. eru borin saman áhrif þeirra á ýmsa náttúrufarsþætti og taka tilliti til þess samanburðar þegar tekin er ákvörðun um aðalvalkost, t.d. legu línu. Þá er lögð áhersla á að lágmarka rask á þeim svæðum sem njóta verndar m.t.t. náttúruverndarlaga, vistkerfa, búsvæða eða einstaka tegunda. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 byggja m.a. á alþjóðlegum skuldbindingum um náttúruvernd og svæðisbundnum samningum.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

Lágmarksverndarráðstafanir

Í 18.gr. flokkunarreglugerðarinnar er mælt fyrir um lágmarksverndarráðstafanir þar sem horft er til viðmiðunarreglna Efnahags- og framfarastofnunarinnar, leiðbeinandi meginreglna Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi auk átta grundvallarsamþykkt á yfirlýsingu Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar. Vettvangur um sjálfbær fjármál hefur skilgreint kjarnaviðfangsefni út frá þessum kröfum vera: mannréttindi, spilling og mútur, skattlagning og sanngjörn samkeppni.

Mannréttindi

Hjá Landsneti er mannauðs- og mannréttindastefnan órjúfanlegur hluti af heildarstefnu fyrirtækisins og eru mannréttindi og fjölbreytileiki í fyrirrúmi. Landsnet leggur áherslu á að virða mannréttindi og jafnrétti í allri starfsemi fyrirtækisins og tryggir að hver sá sem starfar hjá félaginu sé metinn á eigin forsendum og mismunandi sjónarmið fái að njóta sín. Lögð er rík áhersla á jafnræði og að öll fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Í jafnréttisáætlun félagsins sem tekur til alls starfsfólks, er jafnrétti, jafnræði og vellíðan starfsfólks höfð í fyrirrúmi. Með henni uppfyllir Landsnet skyldu sína sem kveðið er á um í jafnréttislögum, lögum nr. 150/2020. Í áætluninni eru skilgreindar aðgerðir, markmið og mælikvarðar og ábyrgðaraðilar aðgerða. Starfandi er jafnréttisnefnd samkvæmt jafnréttisáætlun, en í henni situr starfsfólk Landsnet bæði stjórnendur og starfsfólk. Nánar má lesa um jafnréttisáætlun á vef Landsnets. Kynjahlutfall í framkvæmdastjórn Landsnets er jafnt en hlutfall kvenna í fyrirtækinu í heild er 31%.

Vinnustaðagreiningar eru gerðar árlega þar sem starfsfólk er spurt m.a. um helgun, einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi, mannréttindi, starfsaðstöðu og álag í starfi. Síðustu ár hefur félagið verið á vegferð þar sem unnið hefur verið með starfsfólki að uppbyggilegri fyrirtækjamenningu og hafa verið gerðar kannanir til að fylgja eftir þeirri vinnu.

Jafnlaunastefna Landsnets nær til alls starfsfólks og er órjúfanlegur hluti af mannauðs- og mannréttindastefnu sem og starfskjara- og jafnréttisstefnu Landsnets. Félagið gerir ófrávikjanlega kröfu um jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæta vinnu óháð kyni eða öðrum þáttum. Vottað jafnlaunakerfi er til staðar á grundvelli íslenska staðalsins IST 85 og skuldbindur félagið sig til að viðhalda þeirri vottun. Launagreiningar eru gerðar árlega og kynntar fyrir starfsfólki. Þá er brugðist við með úrbótum ef í ljós kemur að kröfur staðalsins eru ekki uppfylltar. Á árinu 2025 var launamunur 0,8% körlum í vil.

Starfsfólki Landsnets er umhugað að mannréttindi séu virt og í hávegum höfð í allri virðiskeðju félagsins. Landsnet er með vottun í ISO 45001 sem er á sviði öryggis- og vinnuumhverfisstjórnunar og tryggir að öryggis og vinnuumhverfismál séu órjúfanlegur þáttur í mats- og ákvörðunarferli við fjárfestingar, framkvæmdir, rekstur, val á verktökum og kaup á vöru og þjónustu vegna starfsmanninnar. Frávik eru rýnd árlega og starfsmenn og aðrir hagsmunaaðilar eru upplýstir um niðurstöður og áhersluatriði.

Í birgjaskilmálum gerir félagið m.a. þær kröfur til birgja að þeir uppfylli allar kröfur sem Landsnet gerir til búnaðar og eru sömu kröfur gerðar í öryggismálum til starfsfólks og allra birgja, verktaka og þjónustuaðila. Einnig er birgja skylt að framfylgja þeim lögum og reglum sem gilda á vinnumarkaði. Á þetta við um starfskjör starfsfólks birgja, undirverktaka og starfsmannaleiga. Birgjar þurfa að geta sett fram fullnægjandi gögn um að allar kröfur séu uppfylltar. Þá hefur Landsnet einnig sett persónuverndarreglur fyrir bæði ytri aðila og starfsfólk. Á árinu hófst vinna við uppfært birgjamat sem hefur verið innleitt. Birgjamatið felur m.a. í sér greiningu á vinnuumhverfi, félagslegum réttindum og velferð starfsmanna sem og fjárhagsstöðu, gæðamálum, umhverfispáttum, sjálfbærni og upplýsingaröryggi hjá birgjum.

Spilling og mútubægni

Hjá Landsneti er verklag og leiðbeiningar um vinnulag við vernd uppljóstrara (e. whistleblowing). Nær það til farvegs, umfjöllunar og afgreiðslu tilkynninga um brot á lögum eða ámælisverða háttsemi í starfsemi Landsnets sem falla undir lög nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara. Starfsfólk getur tilkynnt um lögbrot eða ámælisverða háttsemi þar sem gætt er að nafnleynd kjósi starfsmaðurinn það. Berist tilkynning er hún tekin til meðhöndlunar eftir ákveðnu skilgreindu verklagi hjá félaginu. Hægt er að tilkynna um brot eða ámælisverða háttsemi í innra kerfi félagsins á heimasíðu félagsins sem bæði starfsfólk og ytri aðilar geta nýtt sér.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

Siðareglur Landsnets ná til alls starfsfólks, þar með talið stjórnarmanna og forstjóra. Siðareglurnar eru viðbót við opinbert regluverk, verklagsreglur og leiðbeinandi á þeim sviðum sem lög, reglur og leiðbeiningar ná ekki til. Siðareglurnar eru m.a. til að auka og viðhalda faglegum vinnubrögðum, gagnsæi og til að sporna við spillingu. Hvorki stjórnendur né starfsfólk hefur verið dæmt fyrir spillingarbrot í rekstri félagsins. Félagið hefur einnig lokið við gerð siðaregla birgja.

Samkeppni og skattar

Landsnet fylgir ákvæðum reglugerðar nr. 340/2014 um innkaup aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu, í öllum EES útboðum og útboðum sem boðin hafa verið út skv. lögum um framkvæmd útboða. Hafa ákvæði 79. gr. reglugerðarinnar um útilokunarástæður verið hluti allra samninga sem boðnir hafa verið út skv. reglugerðinni og vikur Landsnet ekki frá að beita útilokunarástæðum telji félagið það nauðsynlegt. Skv. 79. gr. skal útiloka bjóðanda sem hefur verið sakfelldur m.a. fyrir þátttöku í skipulögðum glæpasamtökum, spillingu, sviksemi, hryðjuverk, peningþvætti, fjármögnun hryðjuverka, barnþrælkun eða mansal. Einnig eru fleiri skyldu- og heimildarákvæði m.a. tengd mannréttum og vinnurétti sem leyfa útilokun bjóðanda að útboðum.

Gæðakröfur eru gerðar til birgja og eru þar helst ISO 9001, ISO 14001 og ISO 45001 en sá síðastnefndi felur í sér gangverk sem tekur á þáttum mannréttindabrota t.d. mansali og þrælahaldi. Í kjölfar útboða metur félagið þörf á sérstakri úttekt hverju sinni á birgja. Er það m.a. gert með því að sjálfsmat birgja er staðfest með úttekt á staðnum. Í þeim úttektum er m.a. menntun og hæfni sem og aðstaða og kjör starfsmanna skoðuð. Eins eru öryggismál tekin út sem og staða birgjans í umhverfismálum.

Þar sem við á gerir Landsnet kröfu í útboðum að hæfismat birgja grundvallist á hæfismatskerfinu Achilles sem er hæfniskerfi sem notað er við val á þátttakendum fyrir útboð við innkaup á búnaði og þjónustu í raforkukerfinu.

Landsnet starfar samkvæmt sérleyfi og er háð eftirliti Orkustofnunar. Félagið er því ekki á samkeppnismarkaði og engin samkeppnislagabrot hafa komið hjá félaginu. Félagið fylgir þeim lögum og reglum sem eiga við rekstur félagsins t.d. skattalögum og reglugerðum en félagið hefur einnig sett sér skattastefnu sem var samþykkt af stjórn Landsnets.

Félagið eða stjórnendur þess hafa ekki gerst brotleg við löggjöf og reglur á sviði mannréttinda, spillingu og mútupægni, samkeppnismála eða skatta.

Lykilmælikvarðar flokkunarreglugerðarinnar

Evrópusambandið hefur gefið út leiðbeiningar um útreikning á lykilmælikvörðum í framseldri reglugerð ESB 2021/2178. Hlutfall veltu, fjárfestingagjalda og rekstrargjalda er reiknað í samræmi við 8. gr. flokkunarreglugerðarinnar. Hins vegar er möguleiki á því að kröfur eða aðferðafræði muni taka breytingum eftir því sem reglugerðin verður uppfærð og getur það haft áhrif á framtíðarútreikninga Landsnets, eins ef að í ljós kemur að starfsemi félagsins fellur betur að öðrum umhverfismarkmiðum en þeim sem nú þegar hafa verið birt.

Velta

Hlutfall veltu samkvæmt skilgreiningu flokkunarreglugerðarinnar nær yfir tekjur sem eru færðar skv. a-lið 82. mgr. alþjóðlegs reikningsskilastaðals (IAS-staðli 1). Heildarvelta í samræmi við skilgreininguna er í samræmi við heildarveltu félagsins fyrir árið 2025 eins og hún kemur fram í skýringum 5 og 6 með ársreikningi. Þar af er 98,7% vegna starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir og 98,7% vegna umhverfissjálfbærrar starfsemi. Sjá hlutföll í töflu yfir veltu á bls. 53.

Fjárfestingagjöld

Við höfum úthlutað fjárfestingargjöldum á hæfa starfsemi í samræmi við flokkunarreglugerðina. Fjárfestingargjöld samkvæmt 8. gr. flokkunarreglugerðarinnar samanstanda af viðbótum vegna efnislegra og óefnislegra eigna á rekstrarárinu fyrir afskriftir, niðurgreiðslur og endurmat, að undanskildum breytingum á gangvirði. Fjárfestingarútgjöld námu alls 118,2 millj. USD á árinu 2025 í samræmi við viðbætur ársins í skýringu 13 og 14 með ársreikningi. Þar af eru 96,3% vegna starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir og 96,3% vegna umhverfissjálfbærrar starfsemi. Sjá hlutföll í töflu yfir fjárfestingargjöld á bls. 54.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

Rekstrargjöld

Flokkunarreglugerðin skilgreinir rekstrargjöld þrengra en almennt gildir um rekstrargjöld í reikningshaldslegum skilningi. Undir rekstrargjöld skal falla beinn kostnaður sem ekki er færður til eignar, sem varðar rannsóknir og þróun, ráðstafanir vegna endurnýjun bygginga, skammtímaleigu, viðhald og viðgerðir og önnur bein útgjöld vegna daglegs viðhalds varanlegra rekstrarfjármuna fyrirtækisins eða þriðja aðila sem starfsemi er útvistað til, sem þörf er á til að tryggja áframhaldandi skilvirka starfrækslu slíkra eigna. Rekstrargjöld námu alls 13,8 millj. USD á árinu 2025 og voru til komin vegna viðhalds-, bilana- og eignaleigukostnaðar vegna flutningsvirkja félagsins sem og rannsóknar og þróunarkostnaðar. Þar af eru 96,1% vegna starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir og 96,1% vegna umhverfissjálfbærrar starfsemi. Sjá hlutföll í töflu yfir rekstrargjöld á bls. 55.

Flokkunarreglugerð ESB - Velta

				Viðmið fyrir verulegt framlag					Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")							EV = ekki viðeigandi				
Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildarvelta skv. skilgreiningu (3)	Hlutfall velta skv. skilgreiningu (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Vatns- og sjávarauðlindir (7)	Hringrásarhagkerfið (8)	Mengun (9)	Liffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Vatns- og sjávarauðlindir (13)	Hringrásarhagkerfið (14)	Mengun (15)	Liffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (16)	Lágmarksverndarráðstafanir (17)	Hlutfall veltu sem fellur að flokk-unar-kerfinu ár N (18)	Hlutfall veltu sem fellur að flokk-unar-kerfinu ár N-1 (19)	Flokkur (Starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum (20)	Flokkur "(um-breyt-ingastarfsemi)" (21)
	#	Pús. USD	%	%	%	%	%	%	%	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	%	%	E	T
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																				
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																				
Flutningur og dreifing á raforku	4.9	205.594	98,7	100	-	-	-	-	-	EV	Já	EV	Já	Já	Já	Já	98,7	98,0	E	-
Velta frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		205.594	98,7	100													98,7	98,0		
A.2. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																				
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		0	0																	
Alls (A.1 + A.2)		205.594	98,7																	
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																				
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfi nær ekki yfir (B)		2.660	1,3																	
Alls (A+B)		208.254	100																	

Flokkunarreglugerð ESB - Fjárfestingagjöld

				Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")							EV = ekki viðeigandi			
Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Helldafjárfestingagjöld skv. skilgreiningu (3)	Hlutfall fjárfestingagjalda skv. skilgreining (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Vatns- og sjávarauðlindir (7)	Hringrásarhagkerfið (8)	Mengun (9)	Liffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Vatns- og sjávarauðlindir (13)	Hringrásarhagkerfið (14)	Mengun (15)	Liffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (16)	Lágmarksverndarráðstafanir (17)	Hlutfall fjárfestingagjalda sem fellur að flokkunarkerfinu ár N (18)	Hlutfall fjárfestingagjalda sem fellur að flokkunarkerfinu ár N-1 (19)	Flokkur (Starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum (20))	Flokkur "(um-breyt- inga-starfsemi)" (21)
		# Þús. USD	%	%	%	%	%	%	%	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	%	%	E	T
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																				
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																				
Flutningur og dreifing á raforku	4.9	113.886	96,3	100	-	-	-	-	-	EV	Já	EV	Já	Já	Já	Já	96,3	96,6	E	-
Fjárfestingagjöld frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		113.886	96,3	100													96,3	96,6		
A.2. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																				
Fjárfestingagjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		0	0																	
Alls (A.1 + A.2)		113.886	96,3																	
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																				
Fjárfestingagjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfi nær ekki yfir (B)		2.810	3,4																	
Alls (A+B)		116.696	100																	

Flokkunarreglugerð ESB - Rekstrargjöld

				Viðmið fyrir verulegt framlag					Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")							EV = ekki viðeigandi				
Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildarrekstrargjöld skv. skilgreiningu (3)	Hlutfall rekstrargjalda skv. skilgreiningu (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Vatns- og sjávarauðlindir (7)	Hringrásarhagkerfið (8)	Mengun (9)	Lífæðileg fjölbreytni og vistkerfi (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (12)	Vatns- og sjávarauðlindir (13)	Hringrásarhagkerfið (14)	Mengun (15)	Lífæðileg fjölbreytni og vistkerfi (16)	Lágmarksverndarráðstafanir (17)	Hlutfall rekstrargjalda sem fellur að flokkunar-kerfinu ár N (18)	Hlutfall rekstrargjalda sem fellur að flokkunar-kerfinu ár N-1 (19)	Flokkur (Starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum (20)	Flokkur "(um-breytinga-starfsemi)" (21)
	#	Þús. USD	%	%	%	%	%	%	%	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	%	%	E	T
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																				
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																				
Flutningur og dreifing á raforku	4.9	13.271	96,1	100	-	-	-	-	-	EV	Já	EV	Já	Já	Já	Já	96,1	95,1	E	-
Rekstrargjöld frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		13.271	96,1	100													96,1	95,1		
A.2. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																				
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		0	0																	
Alls (A.1 + A.2)		13.271	96,1																	
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNAR-KERFIÐ NÆR EKKI YFIR																				
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfi nær ekki yfir (B)		541	3,9																	
Alls (A+B)		13.812	100																	